FRÉTTABLAÐIÐ

291. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 13. DESEMBER 2019



Leit að pilti sem féll í Núpsá í Sölvadal hafði ekki borið árangur er Fréttablaðið fór í prentun í gær. Sveitarstjórnir í Húnaþingi vestra og Skagafirði gagnrýna harðlega rafmagns- og fjarskiptainnviði sem sagðir eru hafa brugðist í illviðrinu sem hófst á þriðjudag. Á Dalvík og nágrenni var enn rafmagnslaust í gær og lagðist varðskipið Þór að bryggju til að veita birtu og yl til íbúanna. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Skuldsettir íþróttamenn

ÍÞRÓTTIR Í yfirlýsingu sem afhent var Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, í gær og undirrituð er af yfir tuttugu afreksíþróttamönnum, er bent á að styrkir sem þeir fá séu ekki skilgreindir sem laun og því vinni þeir sér ekki inn launatengd réttindi á meðan á ferlinum stendur. Eftir að honum lýkur standi margt íslenskt afreksíþróttafólk uppi með skuldir á bakinu og réttindalaust.

– bb / sjá síðu 14

Brenna metanið sem er framleitt

UMHVERFISMÁL Áformum Sorpu bs. um aukna notkun sveitarfélaga á metani hefur verið tekið heldur fálega. Í umsögn Kópavogsbæjar segir að áhugi sé til staðar en fjölmörg ljón séu í veginum.

Óvíst er hvort markmið um stóraukna sölu metans, til að réttlæta byggingu 4,2 milljarða verksmiðju, sé raunhæft. **– bþ / sjá síðu 4**

Hafna vitneskju um mútur til Shanghala

Samherji hafnar því að hafa vitað um mútugreiðslur til fyrrverandi dómsmálaráðherra Namibíu. Fyrrverandi fjármálastjóri Samherja í Namibíu segir ólíklegt að stjórnendur á Íslandi hafi vitað um namibíska félagið ERF 1980.

SAMHERJAMÁL Ingólfur Pétursson, fyrrverandi fjármálastjóri Samherja í Namibíu, segir að hann hafi aldrei sagt stjórnendum Samherja á Íslandi frá greiðslum til Sacky Shanghala, fyrrverandi dómsmálaráðherra Namibíu. Greiðslurnar fóru fram í gegnum leigusamning við namibíska félagið ERF 1980. Telur Ingólfur ólíklegt að stjórnendur Samherja á Íslandi hafi vitað af tilvist félagsins.

Fram kom í umfjöllun Kveiks og Stundarinnar í nóvember að mútugreiðslur upp á 16,5 milljónir króna hefðu verið greiddar frá Kötlu Seafood, nú Mermaria Seafood, til félagsins ERF 1980 í gegnum leigusamninginn. Féð sem fór til



Sacky Shanghala, fyrrverandi dómsmálaráðherra Namibíu.

félagsins ERF 1980 rann til James Hatuikulipi, stjórnanda Fishcor, og Shanghala. Þeir Shanghala og Hatuikulipi voru báðir handteknir í Namibíu í lok nóvember síðastliðins vegna málsins.

Samherji hafnar því alfarið að hafa vitað af mútugreiðslum til Sacky Shanghala. Enginn starfsmaður Samherja sem Fréttablaðið hefur rætt við, vill koma fram undir nafni um vitneskju fyrirtækisins um mútugreiðslur í gegnum félagið ERF 1980, eftir því sem blaðið kemst næst er það vegna fyrirmæla norsku lögmannsstofunnar Wikborg Rein sem vinnur nú að rannsókn málsins fyrir hönd Samherja.

Í bréfi sem fyrirtækið sendi Fréttablaðinu segir að greiðslurnar hafi alfarið verið á vegum Jóhannesar Stefánssonar, uppljóstrara og fyrrverandi stjórnanda Namibíufélaga Samherja. Með bréfinu fylgja tölvupóstar frá árinu 2015, sem ekki er að finna í gagnabanka WikiLeaks, sem Samherji segir styðja mál sitt. **– ab / sjá síðu 6**



nettó

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ Í NETTÓ!

Grísalærleggir
Kjötsel
390 KR/KG
ÁÐUR: 999 KR/KG

VERÐ SPRENGJA!

-34%

Kölnarhryggur
Hágæða skinka með gljáa
1.979 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG

Tilboðin gilda 13. - 15. desember

Glæsilegar jólagjafir

TAG HEUER
TAGHeuer

LONGINES


TISSOT

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Kringlunni - michelsen.is



Veður



Norðan og norðaustan 2-8 m/s, en hvassari á stöku stað. Frost 4 til 15 stig, mildast við S-ströndina.
SJÁ SÍÐU 20

Rúmlega 15 þúsund starfa við menningu

SAMFÉLAG Í fyrra störfuðu 15.400 manns á aldrinum 16-74 ára við menningu eða um 7,7 prósent af heildarfjölda starfandi. Þetta kemur fram í rannsókn Hagstofunnar.

Konur voru rúm 58 prósent þeirra sem voru starfandi við menningu. Hlutfall kvenna í öðrum starfsgreinum var hins vegar rúmlega 45 prósent.

Þá var hlutfall sjálfstætt starfandi hærra meðal þeirra sem starfa við menningu en aðrar atvinnugreinar. Þannig voru 23,5 prósent þeirra sem störfuðu við menningu sjálfstætt starfandi en ellefu prósent hjá öðrum.

Alls töldust 6.323 einstaklingar starfa í atvinnugreinum menningar. Flestir störfuðu í skapandi listum og afþreyingu eða 986. **– sar**

Kertasníkir gægðist til byggða



Það vantaði ekkert upp á fjörið í Hörpu í gær er Kertasníkir stakk sér til byggða fyrir sinn vitjunartíma og skemmti börnum sem þangað voru mætt til að gera sér glaðan dag á aðventunni. Að sjálfsögðu var gengið í kring um jólatréð með viðeigandi söng og tralli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Már og Bergrún Ósk með verðlaunagripi sína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fatlaðir heiðra íþróttafólk

ÍÞRÓTTIR Sundmaðurinn Már Gunnarsson er íþróttamaður ársins og frjálsíþróttakonan Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir er íþróttakona ársins 2019 hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

Már komst einn Norðurlandabúa á verðlaunapall á heimsmeistaramóti fatlaðra í sundi er hann vann til bronsverðlauna í 100 metra baksundi. Bergrún á að baki glæsilegt ár þar sem heimsmeistaratitil hennar í langstökki ungmenna ber hvað hæst.

Þess má geta að í gær bar Már sigur úr býtum í jólalagakeppni Rásar 2 ásamt systur sinni Ísold Wilberg Antonsdóttur. **– gar**



Telur hávaða rótina að versnandi árangri

Doktor í raddmeinafræðum telur að versnandi árangur íslenskra nemenda í PISA-könnuninni megi rekja til hávaða í kennslustofum. Hávaði dragi úr les- og málskilningi barna. Telur að takast þurfi á við vandamálið strax í leikskóla.

MENNTAMÁL Doktor í raddmeinafræðum telur að versnandi árangur íslenskra nemenda í PISA-könnuninni megi rekja að hluta til hávaða í kennslustofum.

Íslenskir nemendur fengu að meðaltali 474 stig fyrir lesskilning sem er um átta stigum minna en í könnuninni 2015. Aðeins sex OECD-ríki voru með marktækt færri stig að meðaltali en Ísland, fimm lönd fengu álíka mörg en 24 lönd voru með marktækt fleiri stig.

„Samkvæmt vísindalegum rannsóknum getur hávaði skaðað heyrn, dregið úr einbeitingu, skert athygli og valdið erfiðleikum með orðaminni," segir Valdís Ingibjörg Jónsdóttir raddmeinafræðingur. „Hávaði getur líka haft neikvæð áhrif á getu til að skilja mál, truflað meir málskilning barna en fullorðinna, dregið úr lesskilningi og valdið erfiðleikum við að mynda tengsl við félaga og kennara. Það dregur líka úr hæfni til að muna."

Valdís vísar í vísindarannsóknir máli sínu til stuðnings, þar á meðal nýlega norræna rannsókn þar sem hún er meðal höfunda. Var þar niðurstaða rannsóknarinnar að börn hér á landi ættu mjög erfitt með að heyra í kennaranum.

Fram kemur í niðurstöðum PISA-könnunarinnar að hlutfallslega færri íslenskir kennarar telja sig hafa fengið undirbúning í náminu fyrir bekkjarstjórnun en á öðrum Norðurlöndum. Að mati kennara hér á landi fer meiri tími í agastjórnun borið saman við önnur Norðurlönd og minni tími í eiginlega kennslu. Um 40 prósent íslenskra kennara eru sammála þeim fullyrðingum að í upphafi kennslustundar þurfi að bíða áður en nemendur gefa hljóð samanborið við 26,9 prósent á hinum Norðurlöndunum.

Valdís segir börn eiga erfiðara með að vinna í hávaða en fullorðnir. „Við sjálf treystum okkur ekki til að vinna við þær aðstæður sem börn eru í þegar þau sitja í kennslustund. Á sama tíma eru þau viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir af líffræðilegum ástæðum, hlust þeirra er styttri og heyrnarfæri þeirra ekki eins þroskuð og fullorðinna. Sama á við um málþroska, þau eiga erfiðara með að hlusta sér til skilnings," segir Valdís. „Það er ekki hægt að einblína bara á lestur, það þarf að tryggja að málfarslegar undirstöður séu í lagi."

Telur hún að tækla þurfi vandamálið áður en börn fara í grunnskóla. „Það þarf fyrst og fremst að eiga sér stað vakning um skaðsemi hávaða. Svo þarf strax í leikskóla að ná hávaðanum niður. Þannig þarf að fækka börnum í hópi til að þau læri ekki að hávaði sé eina leiðin til að láta í sér heyra." **arib@frettabladid.is**



Fram kom í PISA-könnuninni að 40 prósent íslenskra kennara telja að bíða þurfi eftir hljóði í upphafi hverrar kennslustundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við sjálf treystum okkur ekki til að vinna við þær aðstæður sem börn eru í þegar þau sitja í kennslustund.**



Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, doktor í raddmeinafræðum



Skólavörðustígur 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. HEIMA: Skólavörðustígur 12, Reykjavík. Hafnarstræti 98, Akureyri og H
i og Haukadalur. Geysir.com — Gildir til 31. desember 2019

Risastórar en þarfar siðferðislegar spurningar um dánaraðstoð

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega 78 prósent eru hlynnt því að einstaklingur geti notið dánaraðstoðar sé hann haldinn ólæknandi sjúkdómi og hann telji ástand sitt óbærilegt.

Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Maskína gerði fyrir Lífsvirðingu, félag um dánaraðstoð. Rúmlega 15 prósent sögðust í meðallagi fylgjandi en tæp sjö prósent reyndust andvíg.

„Þetta eru auðvitað risastórar siðferðislegar spurningar sem þessu tengjast. Ég hef talið að það sé þörf á að spyrja þessara spurninga og ræða þessi mál. Ég held að það sé eiginlega mikilvægast til að við komumst svo vonandi að einhverju samkomulagi og sátt um það á næstu árum að hér þurfi að breyta löggjöfinni," segir Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Alþingi samþykkti í júní síðastliðnum skýrslubeiðni Bryndísar og fleiri þingmanna þar sem heilbrigðisráðherra var falið að vinna skýrslu um dánaraðstoð. Áður hafði hún flutt tvær þingsályktunartillögur um málið.

„Það kemur mér kannski ekkert rosalega á óvart að stuðningurinn sé svona mikill við þetta. Þetta er í samræmi við það sem ég hef upplifað af mínum samtölum og viðbrögðum fólks við tillögum mínum og skýrslubeiðni."

Bryndís segist vonast til að skýrsla heilbrigðisráðherra komi fram á vorþingi. „Það sem mér liggur forvitni á að vita þegar skýrslan kemur er hver viðhorf heilbrigðisstarfsfólks verða. Í þeim fáu könnunum sem til eru og eru auðvitað orðnar ansi gamlar þá er stuðningurinn umtalsvert mikið minni hjá heilbrigðisstarfsfólki heldur en hjá almenningi."

> **Það kemur mér kannski ekkert rosalega á óvart að stuðningurinn sé svona mikill við þetta.**



Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Ekki reyndist marktækur munur á afstöðu fólks eftir kyni, búsetu, menntun, tekjum eða stjórnmálaskoðunum. Minni stuðningur við dánaraðstoð mældist hins vegar í elstu aldurshópunum en þeim yngri en tæp 15 prósent 60 ára og eldri eru andvíg. **– sar**



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 „Versta ákvörðun dagsins" Árni Beinteinn Árnason og Júlí Heiðar Halldórsson komust í hann krappan á Akureyri.

2 Allar rúður brotnar í skólanum. Óveðrið olli miklum skemmdum í Árneshreppi.

3 Vonar að húsið sé enn á sínum stað Mikið tjón varð að minnsta kosti á einu húsi Ferðafélags Íslands.

4 Spáir -25 gráðum á laugardaginn Mikið kuldakast er væntanlegt á landinu öllu samkvæmt veðurspám.

5 Danski flugherinn aðstoðar við leitina að piltinum Danski flugherinn svaraði hjálparkalli Landhelgisgæslunnar og sendi flugvél til landsins.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

Hugi að hestum

DÝRAHALD „Frosthörkur í kjölfar norðanáhlaups kallar á aukið eftirlit og umhirðu með hrossum á útigangi," segir í tilkynningu Matvælastofnunar sem brýnir fyrir hrossaeigendum að koma heyi í útigangshross eftir óveðrið.

„Hross á útigangi þurfa að vera í ríflegum holdum á þessum árstíma." **– gar**

Sveitarfélögin sýna aukinni metannotkun lítinn áhuga

Áformum Sorpu bs. um aukna notkun sveitarfélaga á metani sem eldsneyti hefur verið tekið heldur fálega. Í umsögn Kópavogsbæjar segir að áhugi sé til staðar en fjölmörg ljón séu í veginum. Óvíst er hvort markmið um stóraukna sölu metans, til að réttlæta byggingu 4,2 milljarða verksmiðju, sé raunhæft.

UMHVERFISMÁL Undanfarnir mánuðir hafa verið erfiðir fyrir stjórnendur Sorpu bs. enda hefur hvert óþægilega málið á fætur öðru skotið upp kollinum. Eitt af þeim tengist metnaðarfullri moltuframleiðslu fyrirtækisins sem lítil eftirspurn virðist eftir.

Í byrjun september var greint frá því að vegna mistaka við gerð fjárhagsáætlunar fyrirtækisins þyrfti að bæta 1.365 milljónum króna við áætlunina. Hluti af þessum viðbótarkostnaði var vegna framkvæmda við gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi. Kostnaður við framkvæmdina var vanáætlaður um 637 milljónir króna sem þýddi að stöðin kostar í heildina um 4.247 milljónir króna í stað rúmlega 3.600 milljóna.

Tilgangur stöðvarinnar er að framleiða metangas og jarðbæti, moltu. Framkvæmdalokum stöðvarinnar hefur seinkað en ráðgert er að stöðin verði tekin í gagnið í maí 2020. Þá mun framleiðslugeta fyrirtækisins á metani tvöfaldast. Nú selst ekki nema hluti af framleiðslu fyrirtækisins á metani. Afgangurinn er brenndur.

Stjórnendur Sorpu bs. eru þó bjartsýnir á að markaður finnist fyrir allt metanið. Í rekstraráætlun fyrirtækisins fyrir næstu fimm ár er gert ráð fyrir að salan verði óbreytt árið 2019 og 2020 en síðan er reiknað með sölukipp. Gert er ráð fyrir að salan aukist um 12 prósent á hverju ári. Ljóst er að talsverð áskorun verður að ná þessum markmiðum.

Um miðjan ágúst sendi Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs., út erindi um metanframleiðsluna til sveitarfélaganna sem eiga fyrirtækið, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, auk ýmissa undirstofnana þeirra.



Urðunarstaður Sorpu er í Álfsnesi og þar hefur fyrirtækið reist gas- og jarðgerðarstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Óraunhæft sé að nýta hið umhverfisvæna eldsneyti nema á mjög lítinn hluta farartækjanna.**

Í erindinu var athygli vakin á að metan væri eina vottaða vistvæna eldsneyti landsins. Kallaði Björn, fyrir hönd fyrirtækisins, eftir svörum um hvort viðkomandi sveitarfélag eða stofnun hygðist nýta metan frekar í sinni starfsemi. Óskaði hann eftir formlegri afstöðu hið allra fyrsta.

Á bæjarráðsfundi Kópavogsbæjar í gær var málið rætt og lögð fram umsögn sviðsstjóra umhverfissviðs bæjarins. Í því kemur fram að enginn af 56 bílum bæjarins gengur fyrir metani í dag og óraunhæft sé að nýta hið umhverfisvæna eldsneyti nema á mjög lítinn hluta farartækjanna.

Í umsögninni kemur fram að skortur á framboði af tækjum sem ganga fyrir metani sé einn helsti þröskuldurinn fyrir metanvæðingu tækja Kópavogsbæjar. Þannig sé aðeins einn aðili hérlendis sem selur metanknúin tæki og því ólíklegt að hægt sé að ná fram hagstæðum innkaupum. Metanvélar séu einfaldlega dýrari en dísilvélar.


Af sömu ástæðu er ekki sagt raunhæft að gera kröfu um að metan verði notað sem eldsneyti hjá þeim verktökum sem taka þátt í útboðsverkefnum bæjarins. Sú krafa myndi þýða að þátttaka í slíkum útboðum yrði dræm.

Sömu sögu er að segja frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Í svari stofnunarinnar við fyrirspurn Sorpu kemur fram að stofnunin eigi tvær metanbifreiðar til að sinna minni verkefnunum en möguleikarnir til að nýta metan séu verulega takmarkaðir. **bjornth@frettabladid.is**

★★★★½
„Þórarinn [nær] að stinga á kýlum samtímans með kitlandi húmor."
RAGNHILDUR ÞRASTARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Djúp og breið og fyndin og fögur og fáránlega skemmtileg."
HILDUR EIR BOLLADÓTTIR

Þórarinn Eldjárn yrkir af alkunnri fimi um króka og kima tilverunnar





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Lau. 11-16 | **www.forlagid.is**





Andlitsgelskrúbbur
Hreinsandi skrúbbur sem hentar öllum húðgerðum. Útkoman er slétt, hrein og frískleg húð.
Verð: 5.499 kr.



Andlitsgelmaski
Rakagefandi og mýkjandi maski með náttúrulegum efnum sem hefur róandi áhrif. Húðin verður silkimjúk og ljómandi.
Verð: 4.999 kr.



Andlitsbrúnkuvatn
Veitir húðinni náttúrulegan sólarljóma, gefur raka og getur dregið úr fínum línum.
Verð: 5.499 kr.



Líkamsskrúbbur
Fjarlægir dauðar húðfrumur, örvar blóðrásina, nærir og húðin verður silkimjúk.
Verð: 7.499 kr.

JÓLAGJÖFINA
FINNUR ÞÚ HJÁ OKKUR

HAGKAUP
Snyrtivara

Fæst eingöngu í Kringlunni, Garðabæ, Smáralind og Akureyri

Sæmundur



★★★★½

Fréttablaðið, ÓKP 31. október 2019

Einstakar sögur af íslensku sauðkindinni



Münchhausen Íslands en líka einstaklega nákvæmur sagnaritari sem gefur okkur innsýn í fyrri tíma. Naívistinn slær hér einstakan tón fegurðar og tærleika.



Einstök stílgáfa höfundar nýtur sín vel í frásögnum af búsmala og fjallferðum. Skemmtileg og mannbætandi lesning.



Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2019. Heillandi og hófstillt verk þar sem hugsanir um æsku og elli vega salt.



Morð á Vatnsleysuströnd um aldamótin 1900 og Strandaringum stendur á sama! Hrollvekjandi en samt bráðskemmtileg saga.

Kosið í Bretlandi



Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, tók hundinn Dilyn með á kjörstað í gær. Johnson ákvað að kjósa í Westminster þar sem búist var við að mjótt yrði á munum en ekki í eigin kjördæmi. NORDICPHOTOS/GETTY

Samherji birtir pósta máli sínu til stuðnings

Samherji hefur afhent tölvupósta sem gefa til kynna að lögmaður fyrirtækisins og stjórnandi hafi ekki vitað um mútugreiðslur til dómsmálaráðherra Namibíu. Uppljóstrarinn í málinu segir skýringar Samherja ekki standast.

SAMHERJAMÁL Greiðslur Kötlu Seafood til ERF 1980 árið 2014 voru til að fá kvóta frá Fishcor, ríkisreknu sjávarútvegsfyrirtæki í Namibíu, á afslætti. Fjármunirnir enduðu í vasa Sacky Shanghala, fyrrverandi dómsmálaráðherra Namibíu, og James Hatuikulipi, stjórnanda Fishcor. Hafa þeir verið handteknir vegna málsins ásamt Bernhardt Esau, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Namibíu, og fleirum.

Reikningarnir eru tveir, annar upp á 1,5 milljónir namibískra dollara fyrir húsaleigu og hálf milljón fyrir endurbætur á frystigeymslu í Walvis Bay. Alls gera það um 16,5 milljónir króna á núverandi gengi. „Ég hef aldrei séð þetta húsnæði og þegar ég var að standa í þessu fyrir hönd Samherja þá var það alveg ljóst að það var bara verið að finna einhvern „dummy"-samning til að dekka hina reikningana í bókhaldinu," útskýrði Jóhannes Stefánsson, uppljóstrari og fyrrverandi stjórnandi Namibíufélaga Samherja, í þætti Kveiks í nóvember.

Samherji hafnar alfarið vitneskju um greiðslurnar til ERF 1980 og hefur afhent Fréttablaðinu tölvupósta, sem ekki er að finna í gögnum WikiLeaks, máli sínu til stuðnings.

Í tölvupósti sem Arna Baldvins McClure, lögmaður Samherja, sendi á Jóhannes í mars 2015 óskar hún eftir yfirliti yfir alla samninga Kötlu Seafood. Í yfirlitinu sem Jóhannes sendi til baka er ekki að finna leigusamninginn við ERF 1980.

Egill Helgi Árnason, sem starfaði hjá Samherja á Spáni, tók við starfseminni í Namibíu árið 2016. Í tölvupósti sem hann sendi á Ingólf Pétursson, fyrrverandi fjármálastjóri Samherja í Namibíu, í lok nóvember 2016 spyr hann um samningana. „Ok þá er ég kominn með 2 svona samninga. Þennan sem þú sendir mér og svo við Erongo Clearing and... eru einhverjir fleiri svona samningar í gangi?"

> **Hvaða fyrirtæki er þetta? Hver á það ect. Hvað er verið að greiða fyrir hér?**
>
> Egill Helgi Árnason, stjórnandi Samherja í Namibíu árið 2016

Ingólfur svaraði að samningurinn við ERF 1980 væri útrunninn. „Ég get ekki verið fullviss um að ég hafi fengið alla samninga í hendurnar sem JS gerði. Þessir þrír samningar hef ég í tengslum við strákana og hefur verið greitt af í minni tíð. Aðrir samningar tengdir þeir eru í gegnum félögin sem fá kvóta," segir í svari Ingólfs.

Í kjölfarið bað Egill um afrit af samningnum við ERF 1980. „Þetta eru strákarnir. Litlu tölurnar eru söluþóknanir á því sem selt er til Robur Logistics. Aðrar greiðslur eru vegna ráðgjafarsamnings sem gildir til ársloka 2018," svaraði Ingólfur.

Egill spyr þá: „Hvaða fyrirtæki er þetta? Hver á það ect. Hvað er verið að greiða fyrir hér?"

Er það afstaða Samherja að ef fyrirtækið hefði vitað um mútugreiðslur til Shanghala hefði leigusamningurinn við félagið fylgt með í yfirliti Jóhannesar til Örnu og þá hefði Egill Helgi ekki þurft að spyrja Ingólf um saminginn.

Fréttablaðið hefur ekki náð tali af Jóhannesi. Í viðtali í Kastljósi á miðvikudagskvöld sagði hann skýringar Samherja ekki standast skoðun, hann hefði einungis borið ábyrgð á tuttugu eða þrjátíu prósentum af mútugreiðslum í Namibíu. „Mér finnst nú þessar yfirlýsingar hjá Samherja hafa verið skrítnar og muni nýtast í rannsóknum á hendur Samherja. Því þetta stenst ekkert. Til dæmis er búið að handtaka sex hákarla og er eitt málið að þeir hafi þegið mútur frá Samherja. Ég er nú bara ábyrgur fyrir eitthvað um tuttugu, þrjátíu prósent af þeim," sagði Jóhannes.

Ingólfur vissi um raunverulegan tilgang ERF 1980. Kemur það fram í tölvupóstsamskiptum frá árinu 2014 þar sem Ingólfur spyr Jóhannes um félagið. „Þetta er 1.500.000 fyrir flokkinn. 500.000 fyrir Seaflower kvótann. Átt að vera kominn með nótur fyrir þessu," svarar Jóhannes.

Ingólfur, sem starfar ekki hjá Samherja í dag, segir að hann hafi ekki sagt neinum hjá Samherja frá tilvist þessa félags.

„Nei, ég sagði engum hjá Samherja frá þessu félagi eða því sem Jóhannes sagði mér," segir Ingólfur.

Vissi einhver annar af þessu félagi?

„Mér þykir það mjög ólíklegt."

arib@frettabladid.is

SKATTFRJÁLS LESTUR!



FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF

ÖLLUM BÓKUM & TÍMARITUM

ALLA HELGINA!

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 9,91% er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tilboðið gildir til og með 16. desember og gildir ekki með öðrum tilboðum. 5% vildarafsláttur bætist ekki ofan á önnur tilboð.

Leitað áfram

Aðgerðastjórn í Eyjafirði gaf út tilkynningu í gærkvöldi um að áfram yrði leitað að piltinum sem féll í Núpá í Sölvadal. Dregið yrði úr leit í ánni sjálfri í nótt en leit haldið áfram af fullum krafti í dag.

Alls hafa um 200 viðbragðsaðilar komið að leitinni og í gær flugu fjórir kafarar á vegum Landhelgisgæslunnar norður til að taka þátt. Þá flaug einnig danski flugherinn með búnað og fleiri viðbragðsaðila á vettvang.

Aðstæður eru mjög erfiðar og hættulegar á svæðinu, skyggni lélegt og krapi hleðst upp í ánni. **– khg**



Viðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Nöturleg bið í rafmagnsleysi

„Það er ansi nöturlegt að bíða í rafmagnsleysi í á þriðja sólarhring á köldum svæðum.“ Þetta segir Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld.

Köld svæði sem Sigfús Ingi vísar til eru þau nefnd þar sem jarðvarma nýtur ekki við.

Undir kvöld í gær sendi sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá sér bókun þar sem lýst er yfir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp hefur komið í Skagafirði og víðar á landinu í kjölfar óveðurslægðar sem gekk yfir landið fyrr í vikunni.

„Það er óviðunandi á árinu 2019 að í kjölfar óveðurs skuli tugþúsundir manna verða innlyksa án rafmagns og hita sólarhringum saman, auk þess að njóta bágborinna fjarskipta og upplýsinga um hvað endurbótum og lagfæringum líði. Ekki er boðlegt að stefna hundruðum manna út í mannskaðaveður, með tilheyrandi hættu, til að ráðast í lagfæringar á innviðum sem hefði þegar átt að vera búið að byggja upp með því öryggi sem tilheyrir 21. öldinni,“ segir í bókuninni.

Jafnframt segir að nauðsynlegt sé að ráðast án tafar í stórfellt átak í uppbyggingu raforku- og fjarskiptainnviða á Norðurlandi og í fleiri landshlutum sem nái til allra sveita og bæja landsins. „Það ástand sem enn varir í mörgum byggðarlögum landsins er óboðlegt með öllu.“ **– þþ**



Meira en tuttugu staðir á Dalvíkurlínu brotnuðu í fárviðrinu. Unnið er að viðgerðum en talið er að þær geti tekið nokkra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hörð gagnrýni úr Húnaþingi

Björgunarsveitin Húni fór í gærkvöld út á Vatnsnes að kanna stöðuna á bæjum sem voru sambandslausir. Sveitarstjóri Húnaþings vestra segir Landsnet ekki hafa staðið við fyrirheit um að manna tengivirki.

„Við megum bara þakka guði fyrir að það varð ekkert óhapp og ekkert slys á meðan það var allt sambandslaust,“ segir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Sveitarstjórnin í Húnaþingi sendi í gær frá sér afar harðorða bókun vegna ástandsins sem skapaðist í kjölfar óveðursins sem hófst í fyrradag. „Ljóst er að allir helstu opinberu innviðir samfélagsins brugðust í því veðuráhlaupi sem nú gengur yfir,“ segir í bókuninni þar sem hvassri gagnrýni er beint að RARIK, Landsneti og fjarskiptafyrirtækjunum sem sögð eru hafa verið algerlega óundirbúin.

„Óásættanlegt er að tengivirkið í Hrútatungu hafi verið ómannað þrátt fyrir yfirlýsingar Landsnets um annað,“ segir í bókuninni. Að sögn Ragnheiðar hafði Landsnet sagt, áður en veðrið skall á, að búið væri að manna alla staði.

„Svo kom bara í ljós að það var enginn hér í Hrútatungu,“ segir Ragnheiður sem kvað björgunarsveitir hafa verið níu klukkustundir í fárviðri að brjótast að Hrútatungu.

Ríkisútvarpið sagt hafa brugðist algerlega

„Í kjölfar víðtæks rafmagnsleysis duttu öll samskipti út, farsímasamband og Tetra-kerfi lögreglu. Lífsspursmál er að íbúar sveitarfélagsins geti náð í viðbragðsaðila ef alvarleg slys eða veikindi ber að höndum.

Hlutverk fjölmiðla er mjög mikilvægt í aðstæðum líkt og sköpuðust síðustu daga og þá sérstaklega er litið til öryggishlutverks Ríkisútvarpsins sem brást algerlega. Dreifikerfi RÚV lá niðri víða í sveitarfélaginu og náðust sendingar illa eða alls ekki. Almennri upplýsingagjöf til íbúa um stöðu og horfur var ekki sinnt. Litlar sem engar fréttir bárust frá Húnaþingi vestra þrátt fyrir að veðuraðstæður væru hvað verstar á þessu svæði og útvarpið nær eina leið íbúa til að fá upplýsingar. Ótækt er að vísað sé til vefsíðna til frekari upplýsinga um stöðu mála þegar hvorki er rafmagn né fjarskiptasamband.“

Úr bókun sveitarstjórnar Húnaþings vestra

Í gærkvöld var enn ekkert rafmagn á Vatnsnesi og í Vesturhópi og ekki búist við að það kæmist á aftur næstu einn til tvo sólarhringa

„Ef það hefði verið maður þarna nær þá hefði hann getað byrjað strax að hreinsa og athuga með skemmdir.“

Í gærkvöld var enn ekkert rafmagn á Vatnsnesi og í Vesturhópi og ekki búist við að það kæmist á aftur næstu einn til tvo sólarhringa að sögn Ragnheiðar. Þá hafði rafmagn verið úti í Hrútafirði. Snerti það meðal annars börn í skólaferðalagi á Reykjum. Nánar má lesa um ævintýri þeirra á frettabladid.is.

Ef það hefði verið maður þarna nær þá hefði hann getað byrjað strax að hreinsa og athuga með skemmdir.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra



Er rætt var við Ragnheiði í gærkvöldi voru liðsmenn björgunarsveitarinnar Húna að búa sig til að gá að fólki úti á Vatnsnesi þar sem það hafði setið sambandslaust og rafmagnslaust í ísköldum húsum. „Þau eru að fara að athuga með fólk sem hefur ekki heyrst frá í tæpa tvo sólarhringa,“ sagði sveitarstjórinn.

gar@frettabladid.is

Varaafl tengt úr varðskipi

Rafmagn var enn úti á Dalvík og svæðinu þar fyrir norðan í gærkvöldi en unnið var að því að koma varaafli á með tengingu frá varðskipi.

Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúa Landsnets, segir hóp hafa verið sendan þangað til að gera við meira en 20 staðir sem brotnuðu á Dalvíkurlínu.

„Vonandi geta viðgerðir hafist í fyrramálið,“ segir hún. Varaafl komist vonandi sem fyrst á.

Í gærkvöldi voru töluverðar bilanir á rafmagnskerfinu við Laxá í Aðaldal, tíu bilaðar staðir á línunni inn á Akureyri og þrír brotnir staurar á línunni inn á Húsavík. Þá var einnig bilun í Breiðdalslínu, milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum. Fá notendur þar rafmagn frá vararafstöð í Bolungarvík.

Steinunn segir að undirbúningur fyrir óveðrið hafi hafist mörgum dögum áður. „Meðal annars kortlögðum við svæðið og þá staði þar sem eitthvað gæti gerst, vorum í samstarfi við dreifiveiturnar og Almannavarnir, færðum til mannskap og mönnuðum tengivirki. Við náðum þó ekki að manna þau öll,“ segir Steinunn.

Hún segir jafnframt að allar aðgerðir verði rýndar eftir óveðrið. **– khg**

Sjó veitt ofan í brunn á Raufarhöfn

Í sveitarfélaginu Norðurþingi hafði óveðrið mest áhrif í eystri hlutanum en Húsavík slapp betur að sögn sveitarstjórans Kristjáns Þórs Magnússonar. Á Raufarhöfn gekk sjór og krap á land og hús, bifreiðar og vinnuvélar urðu fyrir flóðinu.

„Það sjatnaði lítið í þessu í dag og seinnipartinn var farið að vinna að því að veita vatninu ofan í brunn þarna skammt frá,“ segir Kristján og reiknar með því að það hafi gengið þokkalega. „Ég hef aldrei heyrt um að það hafi flætt úr Bæjarvíkinni áður.“

Eitt húsið er gömul saumastofa en að sögn Kristjáns eru húsin ekki í mikilli notkun að öðru leyti en sem geymslur. Tjónið liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Það sjatnaði lítið í þessu í dag og seinnipartinn var farið að vinna að því að veita vatninu ofan í brunn þarna skammt frá.

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri

Rafmagn er nú skammtað bæði á Kópaskeri og Raufarhöfn og telur Kristján að það taki viku, eða rúmlega það, að koma rafmagninu í eðlilegt horf. „Kópaskerslína fór illa og í morgun var enn þá rafmagnslaust á Tjörnesi, í Öxarfirði og víðar,“ segir hann.

Skólahald hefur farið úr skorðum í sveitarfélaginu. Á Húsavík var skólinn lokaður bæði í gær og fyrradag og á Raufarhöfn hefst skólahald sennilega ekki fyrr en í næstu viku. „Miðað við allt held ég að Húsavík hafi sloppið ótrúlega vel. Það hefur oft verið meiri snjór hérna og nú er verið að vinna að því að hreinsa bæinn.“ **– khg**



Rafmagnsleysi

Fárviðrið sem gekk yfir landið skilur eftir sig slóð eyðileggingar. Auðunn Níelsson ljósmyndari var á ferð á Dalvík og nágrenni í gær þar sem íbúar reyndu að gera gott úr hlutunum þrátt fyrir að ekkert rafmagn væri í bænum og ekki útlit fyrir að það kæmist á í bráð. Enn er unnið að því að lagfæra miklar skemmdir sem urðu á rafmagnsstaurum.







HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til kl. 21
í Skútuvogi
til jóla

Íslensk

Stafafura

Allar stærðir eitt verð, föstudag til sunnudags meðan birgðir endast

6.990 kr

Stærðir: 150 - 300 cm.
Beint frá bónda.
Sérræktuð jólatré fyrir Blómaval.

Allar seríur
25%
afsláttur

Jólagjafir
25%
afsláttur
Verkfæri • Smáraftæki
Búsáhöld o.fl.

Allt jólaskraut
25%
afsláttur

Landsins mesta úrval af ostum

Franskt







Hagkaups Papriku & chili sulta og Sultaður rauðlaukur
Tilvalið á ostana

verð frá **549** kr/stk

Franskir sælkeraostar í úrvali

verð frá **599** kr/stk



NÝJUNG

Ekta Guinness cheddar ostur

verð frá **549** kr/stk

Allt fyrir forréttinn



Fumagalli ítölsk parma skinka

verð frá **849** kr/pk



Valette reyktar andabringur

1.399 kr/pk



Rougié gæsa- og andalifur

verð frá **2.199** kr/stk



Grafið lambafile og taðreykt lambainnralæri

verð frá **7.149** kr/kg



Reyktur- og grafinn lax í úrvali

3.999 kr/kg



Sveita-, hreindýra-w og villigæsapaté frá Viðbót

verð frá **1.899** kr/stk

Barnaheill
#STÖÐVUMSTRÍÐGEGNBÖRNUM
Bættu við 100 KR.
Hagkaup jafnar framlagið!

Meira sælkera



Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.



Smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Að njóta vafans



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þetta var skrýtin uppákoma. Ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans um að halda vöxtum óbreyttum kom hvorki fjárfestum né greinendum á óvart. Óhætt er hins vegar að segja að málflutningur seðla- og aðstoðarseðlabankastjóra á kynningarfundinum hafi valdið miklum vonbrigðum. Svör þeirra, þegar þeim var fyrir að fara, voru annaðhvort óskýr eða óboðleg við slíkar aðstæður og til þess fallin að draga úr trúverðugleika peningastefnunnar. Viðbrögð fjárfesta voru harkaleg. Gengi hlutabréfa féll verulega í kjölfarið og ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa snarhækkaði. Í stað þess að bjóða upp á trúverðuga leiðsögn fram á við, sem hefði getað falist í skýrum skilaboðum um að bankinn væri reiðubúinn að lækka vexti enn frekar ef efnahagshorfur færu versnandi, er óvissan um næstu skref peningastefnunefndar nú meiri en áður.

Seðlabankastjóri segist ekki vilja taka þá áhættu að örva hagkerfið of mikið að svo stöddu. Sú afstaða kann að koma sumum spánskt fyrir sjónir. Atvinnuvegafjárfesting hefur dregist saman um 20 prósent á árinu og hrein ný útlán fjármálastofnana skroppið saman um nærri þriðjung. Fátt er í kortunum sem gefur til kynna að sú mynd sé að fara að taka miklum breytingum. Fyrir liggur að Arion er að draga stórlega saman seglin í fyrirtækjaútlánum, viðskiptabankarnir eru almennt að hækka vaxtaálögur á sína viðskiptavini og þá mun sveiflujöfnunarauki ofan á eiginfjárkröfur bankanna hækka að óbreyttu á nýju ári. Það sætir því furðu að í þessari efnahagslægð, sem kann að dýpka og birtist okkur í fækkun starfa og ört vaxandi atvinnuleysi, fái hagkerfið ekki að njóta vafans hjá peningamálayfirvöldum. Það fylgir því mun meiri áhætta að gera of lítið heldur en of mikið.

Vandinn er sá, sem Seðlabankinn skeytir lítið um, að vaxtalækkanirnar eru ekki að miðlast út í hagkerfið. Á meðan meginvextir bankans hafa lækkað um 1,5 prósentur frá því í vor hafa vextir á lengstu flokkum ríkisskuldabréfa, verðtryggðum og óverðtryggðum, aðeins lækkað um 0,1 til 0,3 prósentur. Að undanförnu hafa raunvextir á markaði hækkað talsvert sem þýðir að búast má við hækkandi vöxtum á íbúðalánum, bæði hjá bönkunum og lífeyrissjóðum, og hið sama gildir um vaxtakjör fyrirtækja á skuldabréfamarkaði. Ef fram heldur sem horfir er þetta sú staða sem er að teiknast upp og mun gera okkur enn erfiðara um vik að snúa við hjólum efnahagslífsins.

Er eðlilegt að langtímavextir á Íslandi, sem nú eru um fjögur prósent, séu margfalt hærri en hjá öðrum litlum ríkjum með sjálfstæða mynt, eins og til dæmis Nýja-Sjálandi eða Ástralíu? Tæplega. Sökum sterkrar stöðu þjóðarbúsins, sem grundvallast á litlum ríkisskuldum, jákvæðri eignastöðu við útlönd og 800 milljarða gjaldeyrisforða, eru allar forsendur fyrir því að langtímavextir hér á landi lækki verulega á komandi árum. Í fyrsta sinn í lýðveldissögunni erum við í þeirri stöðu að geta beitt vaxtatækinu, án þess að þurfa að óttast gengisfall og í kjölfarið verðbólguskot, til að örva hagkerfið í niðursveiflu með því að lækka fjármagnskostnað fyrirtækja og heimila. Eigi ávinningur vaxtalækkana að skila sér út í hagkerfið þurfa þær hins vegar að haldast í hendur við skýr og trúverðug skilaboð um stefnu Seðlabankans. Þar hefur bankanum því miður mistekist hrapallega.

Svör þeirra, þegar þeim var fyrir að fara, voru annaðhvort óskýr eða óboðleg við slíkar aðstæður og til þess fallin að draga úr trúverðugleika peningastefnunnar.



Halldór



Frá degi til dags

Ráðherraferð

Á meðan fólk norpaði víða um land í ísköldum húsum sínum hlýnaði mörgum þeirra, að minnsta kosti um hjartarætur, við að sjá að þjóðaröryggisráðið fundaði sérstaklega í gær. Fundurinn fór fram í funheitu húsi Stjórnarráðsins með sjóðheitt kaffi og kruðerí á borðum. Á fundinum var skipulögð ráðherraferð á hamfarasvæðið. Ekki er við öðru að búast en að þau muni færa þangað birtu og yl. Einhver bið verður hins vegar á að rafmagn komist á á þessum svæðum. En það er bót í máli að heimamenn eiga þess kost að fá sjálfu af sér með gestunum.

Afreksfólkið

Afreksíþróttafólk er fullt bjartsýni þessa dagana. Hefur hópur þeirra stigið fram og óskað eftir peningi frá ráðherra til að geta lifað samhliða því að keppa fyrir hönd þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Eins og staðan er í dag fær íþróttafólk engin lífeyrisréttindi, fæðingarorlof, aðgang að sjúkrasjóði eða neitt. Það er mikill misskilningur að ríkið styrki ekki afreksfólk. Til dæmis fékk ríkislögreglustjóri háar greiðslur fyrir afrek sín á sviði löggæslu. Seðlabankinn styrkir sitt afreksfólk um margar milljónir. Svo má ekki gleyma þingmönnum með skráð lögheimili úti á landi. O.s.frv. O.s.frv.

kristinnhaukur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Fagmennska eða fúsk



Agnes Ósk Guðjónsdóttir
formaður Félags íslenskra snyrtifræðinga

Fyrir rétt um viku síðan afhenti ég ungum og upprennandi snyrtifræðingum sveinsbréf í iðninni. Fögur orð um virðingu fyrir iðngreininni, mikilvægi fagmennsku og gæða voru hornsteinn þess boðskapar sem fluttur var á þessari hátíðarstundu. Einstaklingar sem hafa lagt sig alla fram við að afla sér þekkingar og hæfni af viðurkenndri menntastofnun til að meðhöndla líkama, og þá ekki síst andlit, einstaklinga sem til þeirra leita. Því fylgir mikil ábyrgð enda tjónið mikið ef vinnubrögð eru röng.

Nýútskrifaðir snyrtifræðingar, ásamt öðrum iðnaðarmönnum, starfa á grunni gamalla laga sem hafa þó um árabil tryggt og hlúð að þeim iðngreinum sem lögin taka til. Grunntilgangur laganna er að vernda almenning gegn hvers konar fúski. Hinn almenni borgari getur treyst á að ef hann leitar til einstaklings með sveinspróf í tiltekinni iðn að viðkomandi hafi tilskylda menntun og þekkingu í faginu. Þannig gengur almenningur að fagmennsku vísri og vinnubrögðum sem hann getur verið viss um að valdi ekki skaða.

Innan snyrtifræðinnar hefur töluvert borið á að ófaglærðir einstaklingar veiti þjónustu, þar á meðal húðmeðferðir með sterkum efnum, án þess að þeir hafi menntun til verksins. Við hjá Félagi íslenskra snyrtifræðinga höfum leitað þeirra leiða sem í boði eru til að verjast slíkri starfsemi en án árangurs. Hvorki lögregla né þau stjórnvöld sem tryggja eiga rétt neytenda hafa eftirlit með þessari háttsemi.

Staðan er því einfaldlega sú að ekkert virkt eftirlit er með löggiltum iðngreinum og er ástæða til að hvetja stjórnvöld til að bæta sem allra fyrst úr því. Það er ávinningur bæði fyrir þá sem njóta þjónustunnar og fyrir þá sem vilja leggja stund á löggilt iðnnám.

Okkur ber skylda til að standa við þær fyrirætlanir okkar að efla veg og virðingu iðnmenntunar í landinu. Það mun bæði tryggja hag neytenda og stuðla að aukinni nýliðun í löggiltum iðngreinum.

Staðan er því einfaldlega sú að ekkert virkt eftirlit er með löggiltum iðngreinum og er ástæða til að hvetja stjórnvöld til að bæta sem allra fyrst úr því.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Óviðráðanleg náttúra

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Ég gat ekki staðist freistinguna upp úr fimm á þriðjudaginn. Það var byrjað að hvessa dálítið í Vesturbæ Reykjavíkur en þetta virtist ekki ætla að verða „neitt neitt“ og mér var allnokkuð í mun að sýna heimilisfólkinu fram á að það „yrði ekkert úr þessu veðri í Reykjavík“. Þannig að ég óhlýðnaðist tilmælum, dúðaði mig upp og labbaði af stað út að Ánanaustum. Þegar ég skoðaði spána á norsku veðurstofunni, sem allir eru alltaf að segja að sé svo góð, þá var gert ráð fyrir að í Reykjavík yrði „gentle breeze“ seinnipartinn á þriðjudaginn.

Það reyndust ekki gagnlegar upplýsingar og ég var ekki lengi utandyra. Eftir að hafa gengið um það bil 200 metra í átt að sjónum fór ég að skilja betur hvað veðurfræðingarnir höfðu verið að segja. Þegar komið var út í Ánanaust var eins og stigið væri inn í allt annan heim. Viðráðanlegt hvassviðri hafði breyst í stjórnlausan ofsa þar sem strengurinn lá að norðan, líklega fram hjá Esjuskjólinu. Ég hef ekki hugmynd um hvað metrarnir voru margir á sekúndu en það mátti ekki mikið út af bregða til þess að ég kæmi sjálfum mér í hættu, og þar með öllum þeim sem gert hefðu tilraunir til þess að koma mér til aðstoðar. Mér tókst að koma mér heim án þess að valda tjóni, en þessi stutti göngutúr dugði til að minna mig á annars vegar hversu varnarlaus við erum gagnvart slíkum veðurofsa en líka kraftaverkið sem er skjólið og hlýjan sem flest okkar geta treyst á þegar svona gjörningaveður ganga yfir.

Kósíkvöld eða neyðarástand

Á höfuðborgarsvæðinu gat fólk sett inn myndir á samfélagsmiðlum um „kósíkvöld“ og þar var kveikt á kertaljósum til skrauts. Kakó var hitað í pottum á rafdrifnum hellum og internetið hélt áfram að streyma í háskerpu ýmiss konar afþreyingarefni til þess að stytta stundirnar á meðan veðrið geisaði.

En þessum þægindum var svo sannarlega ekki jafnt dreift, og þau eru heldur sjálfgefin. Þau eru ekki breið skilin sem liggja milli þess að sitja inni í hlýju húsi með blússandi nettengingu eða að þurfa að eiga í höggi við stjórnlausan veðurofsa og kulda í rafmagns- og samskiptaleysi, eins og var raunin fyrir þúsundir Íslendinga á þeim svæðum þar sem veðrið var skæðast. Og fjölmargir lögðu sig í bráða hættu til þess að tryggja öðrum meira öryggi.

Veðrið er ekkert grín

Margir Íslendingar, einkum í sjávarplássum, hafa alist upp við að ekki megi grínast með veðrið. Þegar ein sjónvarpsstöðin ákvað fyrir mörgum árum að „hressa upp á“ veðurfréttatímana að amerískum sið fór það verulega fyrir brjóstið á mörgum sem fannst að þar væri verið að rugla saman lífsnauðsynlegri upplýsingagjöf og skemmtiatriðum.

Það er nefnilega ótrúlegt til þess að hugsa hversu stutt er síðan heilu bæjarfélögin á Íslandi biðu milli vonar og ótta þegar aftakaveður gengu yfir landið og miðin. Fyrir einungis örfáum áratugum skullu slík veður á með litlum fyrirvara þannig að skip og bátar sem voru langt frá landi höfðu takmarkað svigrúm til þess að komast í höfn eða var. Og í sjávarplássum liðu varla heilar vertíðir án þess að einhver mannskæð áföll yrðu vegna veðurs.

Ótrúlegar framfarir hafa orðið hvað þetta varðar. Veðurfræðingarnir íslensku gátu nánast spáð um veðrið í Reykjavík eftir götuheitum. Og alls staðar annars staðar um landið höfðu viðvaranir reynst vera fyllilega á rökum reistar. Veðrið sem gekk yfir landið var ekki bara vont heldur stórhættulegt og öll þjóðin óttast um afdrif ungs manns og biður fyrir honum og fjölskyldu hans.

Innan þægindarammans

Flesta daga þurfum við lítið að hugsa um þá staðreynd að Ísland er harðbýlt land. En veðrið í vikunni minnir á hversu lítið getur stundum vantað upp á til þess að mikilvægustu innviðir gefi eftir. Og eftir því sem samfélagið verður tæknivæddara og flóknara, þeim mun viðkvæmara getur það orðið fyrir hvers konar raski á hefðbundnum lífsgæðum. Það er þess vegna ágætt að hafa í huga aðgreininguna sem Trausti Jónsson veðurfræðingur fjallar um á heimasíðu sinni varðandi hvernig meta skuli áhrif illviðris. Skaðsemi veðurs er annars vegar háð tjónmætti veðursins sjálfs en hins vegar tjónnæmi þess sem fyrir því verður.

Áður fyrr var fólk alvant því að komast af án þess að komast í verslanir daglega og gagnkvæm fjarskipti léku nánast ekkert hlutverk í daglegu lífi. Gamla símakerfið var nánast algjörlega veðurhelt og upplýsingagjöf í neyð átti sér stað í gegnum útvarpsbylgjur sem hægt var að senda út og taka við hvernig svo sem ástand var á öðrum innviðum. Bæði kerfin voru að mestu leyti óháð öðrum kerfum. Nú er hins vegar flest háð netkerfum og þar með rafmagni í húsum, gsm-sendum og gagnaverum. Þetta er mjög umhugsunarvert, ekki síst í ljósi þeirra frétta að tetra-samskiptakerfið, sem almannavarnakerfið treystir á, hafi ekki reynst algjörlega áreiðanlegt í veðrinu.

Undirbúningur

Aflið í veðrinu á Íslandi getur verið algjörlega óviðráðanlegt á meðan á því stendur og það er smekklaust að benda fingrum í hinar og þessar áttirnar yfir þeim truflunum sem urðu vegna veðursins. Kraftaverkið er einmitt hversu litlar truflanirnar eru þegar veður er svona vont í flóknum og brothættum nútímanum. Að sjálfsögðu stendur metnaður allra til þess að draga enn frekar úr truflunum sem orðið geta af völdum svona óveðra. Það verður hins vegar aldrei hægt að gera Ísland algjörlega veðurhelt, og enn þá síður er hægt að tryggja almenning algjörlega gagnvart fjölmargri annarri náttúruvá; svo sem eins og jarðhræringum, eldgosum og flóðum.

Besta vörnin felst líklega í því að fólk viti almennt hvað skuli til bragðs taka við slíkar aðstæður og sé eins vel undirbúið og hægt er. Víða um heim er íbúum á hættulegum svæðum uppálagt að eiga viðleguútbúnað sem dugir þeim í nokkra daga ef innviðirnir lamast. Í gamla daga voru ágætar upplýsingar í símaskránni um hvernig bregðast ætti við í ýmsum neyðartilvikum en líklega er ekki hægt að ganga út frá því lengur að slíkar upplýsingar séu til staðar inni á öllum heimilum, hvað þá allur sá búnaður sem þyrfti til að halda út í nokkra daga ef veður eða náttúruhamfarir setja samfélagið úr skorðum. Þegar metin eru viðbrögð við veðurhamförum sem þessum er mikilvægt að falla ekki í þá gryfju að halda að það sé á færi stjórnvalda eða almannavarna að forða fólki algjörlega undan afleiðingunum. Í samfélagi sem býr við mikla hættu á náttúruhamförum er það skylda okkar allra að undirbúa okkur eins og við getum og vera að sjálfsögðu ekki að þvælast út úr húsi að óþörfu eins og ég gerðist sjálfur sekur um á þriðjudaginn.



ORMSSON
Jólin 2019

25%



UNOLD

VERÐ FYRIR
~~14.990 kr~~

VERÐ NÚ
11.243 kr

20%

AEG SPAN HELLUBORÐ



HT949 597 378
HT949 597 446
HT949 597 314

AEG OFN
HT944 188 111
VERÐ
109.900 kr



AEG UPPÞVOTTAVÉL COMFORT LIFT
VERÐ FRÁ
179.900 kr

de BUYER



VERÐ FRÁ
12.900 kr



AEG
UPPÞVOTTAVÉL
VERÐ
139.900 kr
HT911 444 415

Tefal



VERÐ 28 cm
9.990 kr
DAH9020644
VERÐ 30 cm
10.990 kr
DAH9020744

SAMSUNG

15%



SAMSUNG WW80
8 KG. 1400 SN.
VERÐ FYRIR
~~79.900 kr~~
VERÐ NÚ
67.915 kr

SAMSUNG
SARB33J3215WW/EF
Hvítur 185 cm
VERÐ FYRIR
~~99.900 kr~~
VERÐ NÚ
84.915 kr

15%



SAMSUNG
SARB33J3215SS/EF
Stál 185 cm
VERÐ FYRIR
~~109.900 kr~~
VERÐ NÚ
93.415 kr

Tefal

40%



VERÐ FYRIR
~~9.990 kr~~
~~8.990 kr~~

VERÐ NÚ
5.994 kr 24 cm
5.394 kr 20 cm

Tefal

30%



20%



AEG
RYKSYUGUR

30%

AEG
SKAFT
RYKSUGA
VERÐ FYRIR
~~33.900 kr~~
VERÐ NÚ
23.730 kr
HT900 940 713



SteamOne
GUFA
FYRIR JÓLIN
VERÐ
27.900 kr

20%

brabantia



MIKIÐ ÚRVAL
AF RUSLAFÖTUM,
*ALLAR STÆRÐIR

Fyrir alla í fjölskyldunni



VERÐ FRÁ
5.000 kr

ORMSSON

Allt fyrir heimilið

Klipsch

VERÐ
29.900 kr

HEYRNARTÓL T5
TRUE WIRELESS

Pioneer



VERÐ
35.900 kr

PIX-HM26D-B

HLJÓMTÆKJASTÆÐA



55"
VERÐ FYRIR
~~239.900 kr~~
VERÐ NÚ
199.900 kr

75"
VERÐ FYRIR
~~499.900 kr~~
VERÐ NÚ
429.900 kr

TEAC



HLJÓMTÆKJASTÆÐA
TACMC-D800-BLK

VERÐ
49.900 kr

B&O



A9

VERÐ FRÁ
365.000 kr

Pioneer



VERÐ
27.900 kr

PLÖTUSPILARI
PL-990 - SVARTUR



NINTENDO SWITCH

VERÐ
39.900 kr

Pioneer



HLJÓMTÆKJASTÆÐA



PIX-HM26D-S

VERÐ
35.900 kr



Pioneer

PLÖTUSPILARI
PL-30 - SVARTUR

VERÐ
57.900 kr



Klipsch

HÁTALARAR
RP-600M
SVARTUR-WALNUT

VERÐ
92.900 kr

VERÐ FYRIR
~~29.900 kr~~
VERÐ NÚ
23.920 kr

SANGEAN

ÚTVARP WR-2
AM/FM SVART



20%

SANGEAN



20%

ÚTVARP WR-7
SVART-VIÐAR-HVÍTT

VERÐ FYRIR
~~15.900 kr~~
VERÐ NÚ
12.720 kr

SAMSUNG

VERÐ FYRIR
~~129.900 kr~~
VERÐ NÚ
99.900 k



SOUNDBAR
SAHW-Q76R/XE

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

ORMSSON

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Skuldsett íslenskt afreksíþróttafólk

Yfirlýsing frá 21 afreksíþróttamanni um ástand réttinda sinna og stöðu þeirra í samfélaginu var afhent Lilju Alfreðsdóttur íþrótta- málaráðherra. Eftir að ferlinum lýkur stendur margt afreksíþróttafólk uppi skuldsett og réttindalaust, sem það villl nú breyta.

AFREKSÍÞRÓTTIR Það vakti töluverða athygli þegar Anton Sveinn McKee, eftir frábæran árangur á EM í sundi, benti á að hann væri í raun réttindalaus og launalaus í færslu á Instagram. Anton var mættur í menntamálaráðuneytið ásamt Dominiqua Ölmu Belány og Guðlaugu Eddu Hannesdóttur í gær til að afhenda Lilju Alfreðsdóttur yfirlýsingu um réttindi og stöðu afreksíþróttamanna á Íslandi.

Alls skrifar 21 íslenskur afreksíþróttamaður undir bréfið sem fjallar meðal annars um að styrkirnir sem íþróttafólkið fær til að halda sér í fremstu röð séu ekki skilgreindir sem laun, svo að það vinnur sér ekki inn réttindi á meðan á ferlinum stendur. Eftir að honum lýkur stendur margt íslenskt afreksíþróttafólk uppi með skuldir á bakinu og réttindalaust. Afreksíþróttafólk hefur ekki lífeyrisréttindi, stéttarfélagsaðild, atvinnuleysisbætur, aðgengi að sjúkra- og starfsmenntasjóði, né réttindi til fæðingarorlofs svo fátt eitt sé nefnt. Þau segja að það sé ekki hægt að iðka íþróttir á heimsmælikvarða án réttinda og því sé kominn tími til breytinga.


„Dominiqua hefur leitt þessa vinnu og við höfum verið undanfarinn mánuð að smíða þetta bréf. Ég hef ekki endilega þorað að segja þetta áður þannig að það var gott að vita að öðrum líður eins og það er fínt að vekja athygli á þessu. Ef næsta kynslóð nýtur góðs af þessu þá fer ég sæll á koddann," segir Anton. „Það er enginn að biðja um að verða ríkur, einfaldlega að fá grunnþarfir til að halda áfram ótrauður stefnu sinni í að verða betri. Þetta er svört staða sem maður kemur inn í þegar maður lýkur ferlinum og fer á vinnumarkaðinn. Þá eru réttindin engin. Það er ótrúlegur kostnaður við að komast á toppinn," bætir hann við.

Dominiqua bendir á að þessi sjálfsögðu réttindi séu í öllum stéttum sem henni er kunnugt um nema hjá afreksíþróttafólki. „Konur hafa verið að skrá sig í nám til að fá námsstyrk til að halda sér uppi meðan þær eru með ungbörn. Annað hvort þarf að gera það eða vera launalaus," bendir hún á.

Guðlaug Edda segir að það hafi komið sér á óvart hvað margir í hennar sporum hafi verið að hugsa það sama. „Það er erfiðara að fjármagna einstaklingsíþróttir og langflestir sem skrifa undir eru þar. Þegar við byrjuðum að tala saman um leigu, uppihald, mótakostnað og fleira þá kom í ljós að það voru margir að hugsa það sama.

Það er okkar von að þetta komist í umræðuna, ekki bara fyrir okkur heldur líka fyrir komandi kynslóðir. Við viljum að þeir sem koma á eftir okkur hafi betri tækifæri til að sinna sinni íþrótt og vinni til verðlauna á stórmótum."

benediktboas@frettabladid.is



Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari stefnir á Ólympíuleikana í Tókýó í sumar.



Fanney Hauksdóttir lyftingakona.



Júlían J. K. bætti heimsmet í réttstöðulyftu í haust.



Arnar Davíð keilari vann Evrópumótaröðina í vetur.

Afreksíþróttafólkið sem skrifaði undir

- Anton Sveinn McKee
- Arna S. Guðmundsdóttir
- Arnar Davíð Jónsson
- Ásdís Hjálmsdóttir
- Ágústa Edda Björnsdóttir
- Ari Bragi Kárason
- Eygló Ósk Gústafsdóttir
- Fanney Hauksdóttir
- Guðbjörg J. Bjarnadóttir
- Guðni Valur Guðnason
- Guðlaug Edda Hannesdóttir
- Hafdís Sigurðardóttir
- Hildur Björg Kjartansdóttir
- Hlynur Andrésson
- Jón Margeir Sverrisson
- Júlían J. K. Jóhannsson
- Kári Gunnarsson
- Sólveig Bergsdóttir
- Sturla Snær Snorrason
- Sveinbjörn Jun Iura
- Valgarð Reinhardsson

Fyrirmyndar framtakssemi

„Ég fagna alltaf fólki sem vill bæta samfélagið okkar. Þessi framtakssemi þeirra er til fyrirmyndar. Við höfum verið að stórauka framlög í afrekssjóðinn frá 2016 þannig að þetta er mál sem skiptir okkur máli. Ég hef ekki skoðað þetta út frá þessum sjónarhóli sem þau benda á og það er gott að þau benda á þetta.

Mér finnst mikilvægt að þau hafa skoðun á þessu og koma henni á framfæri. Við lítum á þetta og förum yfir hvernig afrekssjóðurinn er byggður upp og einnig er ég mjög áhugasöm um að sjá hvernig þetta er annarsstaðar á Norðurlöndunum," segir Lilja Alfreðsdóttir íþróttamálaráðherra.



Þremenningarnir afhenda Lilju bréfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



FÓLK
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 13. DESEMBER 2019



Það er mikið af alls kyns jólatónleikum í boði. Svo virðist sem eitthvað hafi dregið úr áhuga landsmanna á að sækja þessa tónleika og enn er hægt að fá miða á flesta þeirra sem fram undan eru. ↪6



Vænn skammtur af gæsahúð

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað og Unnsteinn Manuel Stefánsson verða einsöngvarar á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu um helgina. Þau reikna með miklum hátíðleik, gleði og geðshræringu. ↪2

Unnsteinn Manuel Stefánsson og Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað syngja saman og hvort í sínu lagi á jólatónleikum Sinfóníunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FELDUR
VERKSTÆÐI



VERSLUN SNORRABRAUT 56 · 105 REYKJAVÍK · FELDUR.IS

Framhald af forsíðu

Í mikilli gleði og fögnuði er auðvelt að tárast og það hefur alveg komið fyrir að ég klökkni af geðshræringu á tónleikum. Þá er erfitt að syngja titrandi röddu en mikilvægt að standa sig, klára atriðið og fara svo út af sviðinu til að gráta. Það hefur líka komið fyrir. Að syngja frammi fyrir áhorfendum er svo líkamleg upplifun, maður finnur fyrir öllum sem eru með manni, því söngurinn snýst ekki um mig heldur heildina, og það er besta tilfinningin," segir Hrafnhildur um þá miklu geðshræringu sem getur gert vart við sig þegar saman kemur fögur tónlist og tilfinningar.

Unnsteinn þekkir þessar tilfinningar líka. „Enn sem komið er höfum við bara æft með kór og píanói en þegar sinfóníuhljómsveitin verður samankomin, Harpan ómar og slagverksleikarar hringja jólaklukkum mun ég eflaust ekki klökkna en örugglega fá væna gæsahúð."

Sjónrænt leikrit og upplifun

Á jólatónleikum Sinfóníunnar munu Hrafnhildur og Unnsteinn syngja saman jólalagið Hátíð fer að höndum ein. Þá syngur Hrafnhildur lagið Litla trommuleikarann og Unnsteinn lagið Einmana á jólanótt, en saman munu þau leiða Heims um ból svo undir taki í húsinu með áhorfendum og öllu listafólkinu.

„Ég er heppin að mega syngja jólalag sem mér þykir eitt hið fegursta í heimi; Hátíð fer að höndum ein," segir Hrafnhildur og Unnsteinn segir Einmana á jólanótt vera góðan kandídat í sitt eftirlætis jólalag. „En mitt uppáhalds jólalag er það á að gefa börnum brauð, eftir Jórunni Viðar, og á tónleikunum flytur Stúlknakór Reykjavíkur það í nýrri útsetningu sem mér finnst mér klikkað flott," segir Unnsteinn.

Undanfarin átta ár hefur Kolbrún Völkudóttir flutt lög á jólatónleikum Sinfóníunnar á táknmáli.

„Margir heyrnarlausir koma með fjölskyldum sínum til að horfa á tónlistina. Tónlist er nefnilega ekki bara í eyrum þess sem á horfir heldur í beinum, vöðvamassa, frumum og blóðflæði líkamans. Hún hefur mikil áhrif á heyrnarlausa áhorfendur, er sjónræn upplifun og leikrit sem vekur miklar tilfinningar," segir Kolbrún sem missti heyrn í kjölfar heilahimnubólgu þegar hún var tveggja ára. „En ef ég væri heyrandi væri ég söngvari þótt sennilega sé ég laglaus í dag," segir hún sposk.

Ólst upp í Sinfóníunni

Óperusöngkonan Hrafnhildur er uppalin í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Að mæta á æfingar hjá Sinfóníunni er eins að fara í notalegt fjölskylduboð fyrir mig. Mamma mín, Ólöf Sesselja, spilaði á selló með Sinfóníunni í 40 ár, og systir mín, Arngunnur, spilar þar á klarínett," upplýsir Hrafnhildur sem er meistari í óperusöng eftir nám við tónlistarháskóla í Amsterdam þar sem hún bjó í átta ár.

„Ég var í klassísku námi alla mína barnæsku og lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík eftir stúdentspróf. Eftir námið í Amsterdam tók við hörð samkeppni óperusöngvara ytra en ég flutti heim fyrir tveimur árum og er ánægð með þá ákvörðun. Hér líður mér vel og syng nú með Sinfóníunni í annað sinn eftir að ég flutti heim," segir Hrafnhildur sem einnig stjórnar kvennakórnum Vox Feminae og er í fæðingarorlofi með þriggja mánaða syni sínum og frumburði.



Unnsteinn og Hrafnhildur eru bæði foreldrar ungra sona og hlakka til jólanna í faðmi fjölskyldu og rótgróinna hefða, hvort á sinn hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kolbrún Völkudóttir hefur undanfarin átta ár túlkað tónlistina á jólatónleikum Sinfóníunnar með táknmáli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Bragðskynið kemur mér í jólaskap, mandarínur og jólaöl, en jólastressið ekki. Ég hlakka til að dansa í kringum jólatré, fara í heita laug og ratleik á Ströndum.
>
> **Unnsteinn Manuel Stefánsson**

Unnstein Manuel þekkja flestir úr hljómsveitinni Retro Stefson en nú er hann sestur á skólabekk í Listaháskóla Íslands.

„Ég byrjaði í haust á sviðshöfundabraut, er þar langelstur í mínum bekk og mjög gaman. Eftir að ég eignaðist son minn í fyrrasumar fannst mér kominn tími til að gera það sem ég vildi og kúpla mig út úr hljómsveitarrekstri. Hljómsveitarlífið er skemmtilegt en býður ekki upp á heilbrigt líferni þegar kemur að svefni og ferðalögum. Ég hef svo alltaf litið á mig sem sviðslistamann og er því ekki í náminu til að leita mér að vinnu eftir útskrift heldur til að þróa mig sem sviðslistamann," segir Unnsteinn.

Verandi foreldrar ungra barna hlakka Unnsteinn og Hrafnhildur enn meira til jólanna.

„Mig langar að halda meira í hefðirnar en áður, skreyta heimilið og hafa fjölskylduna nærri, því það er svo mikils virði að eiga jólin saman," segir Hrafnhildur sem nýbökuð móðir og Unnsteinn nýtur líka föðurhlutverksins.

„Mér finnst það afar skemmtilegt en líka fáránlega erfitt. Þannig fór ég í bólusetningu í vikunni þar sem ég er á leið til Afríku og spurði uggandi hvort ég yrði nokkur veikur um helgina þar sem ég yrði að syngja á jólatónleikum Sinfóníunnar. „Nei," var svarið, „ekki nema þú sért í prófatíð, sofir lítið og sért undir miklu álagi." Þar tikkaði ég í öll boxin en þetta er mjög gaman. Drengurinn er eins og hálfs árs og heitir Víkingur

> Ég er mikill aðdáandi Retro Stefson og því er gamall draumur að rætast, að syngja með Unnsteini, ekki spurning.
>
> **Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað**

Manuel Stefán, sem er svona latneskt, kaþólskt nafn með vísun í ömmu hans og afa," segir Unnsteinn kátur.

Draumur sem rættist

Jólatónleikar Sinfóníunnar fara fram í Eldborgarsal Hörpu nú um helgina.

„Það er algjörlega einstök upplifun að syngja í Hörpu," segir Hrafnhildur. „Maður heyrir svo vel hvert einasta orð sem maður syngur og endurómurinn af rödd manns er hlýr og mjúkur."

Unnsteinn er sammála.

„Ég söng með kór í dönsku óperunni þegar ég var átján ára og fannst það ótrúleg upplifun. Þá var ég vanur að heyra í mér á tónleikum með aðstoð mónitors en í óperunni heyrði maður greinilega í sjálfum sér þrátt fyrir stóran hóp margra radda. Það þurfti enga tækni til; þetta var bara í arkitektúrnum. Þetta sama á við í Hörpu og einstakt að syngja í húsi sem er sérbyggt fyrir tónlist. Maður skynjar það svo vel á sviði."

Þau Unnsteinn og Hrafnhildur þekktust ekki fyrr en þau voru beðin um að syngja á jólatónleikum Sinfóníunnar.

„Ég er mikill aðdáandi Retro Stefson og hef oft hlustað á Kimba og Glow sem mér finnst ótrúlega flott músík og spila oft. Því er gamall draumur að rætast, að syngja með Unnsteini, ekki spurning," segir Hrafnhildur og uppsker bros að launum.

„Ég þekkti Hrafnhildi ekki fyrir en mér hefur fundist ótrúlegt að fylgjast með henni syngja á æfingum því hún stendur sig alltaf á meðan ég er með iPadinn batterílausan og reyni að finna minn tón. Það heldur manni á tánum," segir Unnsteinn og brosir að öllu saman.

Að undanförnu hefur hann heyrt að hann sé efnilegur óperusöngvari.

„Karlar byrja oft seinna en konur í óperusöng en það tekur svo langan tíma að verða fullnuma að ég hugsa að ég láti það eiga sig. Eftir því sem röddin eldist finn ég þó að ég væri til í meiri tækni en líklega ætti best við mig að vinna við óperu með öðru móti en söngnum," segir Unnsteinn.

Jólamottóið er JOMO

Öll eru þau komin í jólaskap.

„Ég læt draslið ekki trufla mig á aðventunni heldur nýt þess að vera saman og hér og nú," segir Kolbrún sem dáir lagið Jólin alls staðar. „Það kemur mér líka í jólaskap að horfa á svipbrigði fólksins í salnum á jólatónleikunum, að sjá það brosa og vera með, þar sem allir eru saman."

Unnsteinn ætlar að halda jólin vestur á Ströndum með fjölskyldu sinni og vinum.

„Bragðskynið kemur mér í jólaskap, mandarínur og jólaöl, en jólastressið ekki. Ég hlakka til að dansa í kringum jólatréð á Ströndum, fara í heita laug og ratleik undir stjörnumergð í jólafriði og fagurri náttúru."

Það sem kemur Hrafnhildi í jólaskap er myrkrið, jólaljósin og tónlistin.

„Ég er búin að baka tvær sortir og heyja mína baráttu við jólastressið sem maður kallar yfir sig sjálfur. Ég er mikill aðdáandi hugtaksins JOMO sem er andstæðan við FOMO (fear of missing out). JOMO þýðir „joy of missing out". Það er jólamottóið mitt þetta árið. Maður má njóta þess að missa af alls konar og einbeita sér í staðinn að einu í einu."

Með Hrafnhildi, Unnsteini og Kolbrúnu koma fram Stúlknakór Reykjavíkur, Táknmálskórinn Litlu sprotarnir, Blokkflautusveit Tónlistarskóla Árnesinga, ungir trommuleikarar, dansarar úr Listdansskóla Íslands, Hörpuhópur og Björllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.


Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768


Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,


Hittu höfund, fáðu áritun og síðan 20% afslátt af því það er búið að krota í bókina.



Höfundar afgreiða í Bókabúð Máls og menningar lagardaginn 14. des.







13-15 - Dagvaktin

Brynjólfur Þorsteinsson - Þetta er ekki bílastæði
Gerður Kristný - Heimskaut
Bergrún Íris Sævarsdóttir - Langelstur að eilífu
Bergur Ebbi - Skjáskot
Auður Jónsdóttir - Tilfinningabyltingin
Fríða Ísberg - Leðurjakkaveður
Kristín Helga Gunnarsdóttir - Fjallaverksmiðja Íslands
Brynja Hjálmsdóttir - Ok fruman
Soffía Bjarnadóttir - Hunangsveiði

15-17 - Síðdegisvaktin

Lilja Sigurðardóttir - Helköld slóð
Jónas Reynir Gunnarsson - Þvottadagur
Brynjólfur Þorsteinsson - Þetta er ekki bílastæði
Pedro Gunnlaugur Garcia - Málleysingjarnir
Kristín Ómarsdóttir - Svanafólkið
Ragnheiður Hólmgerisdóttir - Villueyjar
Andri Snær Magnason - Um tímann og vatnið



BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Finnst ég aldrei eiga nóg af fallegum yfirhöfnum

Fanney Svansdóttir er mikill aðdáandi hlýrra peysa og fallegra yfirhafna. Hún byrjaði fyrst að prjóna fyrir sjö árum þegar hún gekk með dóttur sína. Boltinn fór fljótt að rúlla og er hún nú eigandi fyrirtækisins Ylur sem hannar, framleiðir og selur prjónapeysur, fyrir fólk á öllum aldri.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Fanney Svansdóttir er hæfileikarík og önnum kafin kona.

Geturðu sagt mér frá þér í stuttu máli? Hefurðu mikinn áhuga á tísku?

„Ég er 29 ára og bý í Vesturbænum með Rán dóttur minni sem er sex ára. Ég útskrifaðist með master í menningarfræði í vor en hef verið að hanna og framleiða prjónafatnað undir merkinu Ylur síðastliðin fimm ár. Ég myndi frekar segja að ég hafi áhuga á fallegum hlutum en tísku. Eftir að hafa verið einstæð móðir í háskólanámi undanfarin ár hef ég þurft að hugsa vel um í hvað ég eyði. Ég kaupi mér ekki mikið af fötum og vel gæði fram yfir magn.“

Hvert sækirðu innblástur?

„Bara út um allt. Sumt fólk fyllir mig innblæstri bara með því að vera til. Ég elska að skoða gömul myndaalbúm en amma mín var algjör snillingur í höndunum og afi minn hefur alltaf haft mikinn ljósmyndaáhuga.“

Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?

„Tíundi áratugurinn, kósí peysur og mjög loðnir jakkar. Mér finnst við dóttir mín aldrei eiga nóg af fallegum yfirhöfnum. Okkur verður að minnsta kosti ekki kalt.“

Hvenær og hvers vegna byrjaði prjónaáhuginn?

„Ég gerði lokatilraun til að læra að prjóna þegar ég var ólétt að dóttur minni árið 2012. Ég hafði einhverja rómantíska hugmynd að prjóna á hana heimferðarsett en það gekk ekki hjá mér. Rán svaf svo meira og minna allt fyrsta árið sitt og mér var farið að leiðast. Ég fór þá á Youtube og lærði, horfði á prjónamyndbönd og hætti ekki fyrr en ég hafði lokið við heila flík. Nokkrum mánuðum seinna var ég farin að hanna mínar eigin uppskriftir.“



Efst á óskalista Fanneyjar fyrir jólin er þessi peysa frá Tótu van Helzing.

Hvenær ákvaðstu að fara að sauma og selja?

„Það var aldrei planið. Ég setti myndir á Facebook af því sem ég var að dunda mér og fyrirspurnunum rigndi inn. Fljótlega fóru verslanir að hafa samband við mig og vildu selja vörur frá mér og ég ákvað bara að slá til.“

Hvernig hefur það gengið?

„Árið 2016 fór ég á CIFF kids í Kaupmannahöfn og 2017 á Playtime í Paris. Þar keyptu erlendar verslanir vörur af mér og Ylur var valið eitt af bestu nýju merkjunum á Playtime. Þetta hefur því gengið vægast sagt vel. Við erum bara tvö sem sjáum um alla hönnun og framleiðslu þannig að framleiðslugetan er auðvitað háð því.“



Prjónapeysurnar frá Ylur eru fallegar og tilvaldar í jólapakkann.

Hvað er efst á óskalistanum fyrir jólin?

„Mig langar í peysur frá prjónahönnuðunum Tótu van Helzing og Ýrúrarí.“

Áttu þér uppáhaldsjólamynd?

„Ég fór á Bergmál eftir Rúnar Rúnarsson og hún er núna uppáhaldsjólamyndin mín.“

Klæðistu einhverju sérstöku um jólin?

„Náttfötum.“



Bókajól

FÖSTUDAGUR 13. DESEMBER 2019

Kynningar: Bókaútgáfan Ugla, Bókabeitan, Angústúra



Jakob F. Ásgeirsson er eini fasti starfsmaður bókaútgáfunnar Uglu og rekur hana úr kjallaranum heima. Útgáfan fagnar fimmtán ára afmæli um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lítil útgáfa með mikið úrval

Bókaútgáfan Ugla er alhliða bókaútgáfa sem gefur út barna- og unglingabókmenntir, sagnfræði, glæpasögur og allt þar á milli. Útgáfan er að fagna afmæli og opnaði nýja vefverslun í vikunni. →2



Fyrir jólin gefur Ugla út tvær bækur sem byggðar eru á doktorsritgerðum höfundanna í sagnfræði. Þetta eru *Bókasafnarinn – Willard Fiske og Íslandssafn hans* eftir Kristínu Bragadóttur og *Þeir vöktu yfir ljósinu – Saga karla í ljósmóðurstörfum* eftir Erlu Dóris Halldórsdóttur. Fyrr á árinu gaf Ugla út ævisögu *Þórðar kakala* eftir Ásgeir Jakobsson.



Barnabækur Uglu njóta vinsælda, enda þekkja flest börn orðið Depil, Múmínálfana og Elmar. Þá gefur Ugla út á þessu ári glæsilega barnabók eftir goðsögnina Paul McCartney.



Um þessi jól gefur Ugla út þriðju bókina í bókaflokknum um *Hvísl hrafnanna*, *Sæþokuna*, sem er önnur bókin í flokknum um Hafsfólkið eftir Sten-mæðgur, nýja bók í flokknum um *Bold-fjölskylduna* og fyrstu bókina af fjórum um hina vinsælu norsku sjónvarpsþætti, SKAM.



Á hverju ári gefur Ugla út úrval þýddra fagurbókmennta. Á þessu ári eru það klassísk meistaraverk eftir Evelyn Waugh, Ray Bradbury og Raymond Queneau, ásamt þekktum nútímaverkum eftir höfundana Steve Sem-Sandberg og Marilynne Robinson.

Bókaútgáfan Ugla fagnar 15 ára afmæli um þessar mundir. Ugla útgáfa ehf. var sett á fót árið 2004 af Jakobi F. Ásgeirssyni rithöfundi. Síðan hefur Ugla gefið út um 270 bókartitla eða um 18 titla á ári að meðaltali.

Jakob er enn þá eini fasti starfsmaður Uglu og tókum við hús á honum í höfuðstöðvum fyrirtækisins sem frá upphafi hafa reyndar verið á heimili Jakobs í Laugarneshverfinu.

„Ég kann því vel að vinna heima," segir Jakob, „og núna hef ég góða aðstöðu fyrir útgáfustússið í kjallaranum."

Barna- og unglingabækur

„Fyrir jólin eru barna- og unglingabækur fyrirferðarmestar í útgáfunni," segir Jakob. „Af barnabókum Uglu má nefna bækurnar um Múmínálfana, Depil og Elmar. Allar eru þessar söguhetjur orðnar að eins konar vörumerkjum. Ugla gefur líka út núna fyrir jólin skemmtilega barnabók eftir Bítilinn Paul McCartney, *Hæ, afi gæi.*

Þá gefur Ugla út nokkra bókaflokka fyrir unglinga. Fyrir þessi jól kemur út þriðja bindið í bókaflokknum *Hvísl hrafnanna*, önnur bókin í flokknum um Hafsfólkið eftir Vivecu Sten og dóttur hennar Camillu (*Sæþokan*) og fyrsta bókin í bókaflokki um hina vinsælu norsku sjónvarpsþætti, *Skam*. Enn fremur kemur út önnur bókin í flokknum um *Bold-fjölskylduna* eftir breska uppistandarann Julian Clary."

Glæpasögur

„Árið um kring er Ugla hins vegar fyrirferðarmikil á kiljumarkaðnum," bætir Jakob við. Meðal glæpasagnahöfunda Uglu eru Viveca Sten, Mons Kallentoft, Liza Marklund, Stefan Ahnhem, Ann Cleeves, Stina Jackson, Unni Lindell, Ninni Schulman, Quentin Bates, Mary Higgins Clark og Agatha Christie. Þá gaf Ugla út á árinu tvo reyfara eftir íslenska höfunda, Fritz Má Jörgensson og Kristján Hreinsson.

Sagnfræði

„Viðamesta verkið sem Ugla gefur út á þessu ári," segir Jakob. „er *Bókasafnarinn* eftir Kristínu Bragadóttur. Bókin er byggð á doktorsritgerð Kristínar og fjallar um Íslandsvininn Fiske sem safnaði sem kunnugt er íslenskum bókum og prenti af mikilli ástríðu.

Ugla gefur einnig út aðra bók sem byggð er á doktorsrannsókn. Það er *Þeir vöktu yfir ljósinu* eftir Erlu Dóris Halldórsdóttur, um karla í ljósmóðurstörfum fyrr á tíð," segir Jakob. „Í sagnfræðiflokkinn má svo líka setja ævisögu fornkappans Þórðar kakala eftir Ásgeir Jakobsson og enska þýðingu á bók Garðars Sverrissonar um Bobby Fischer."

Heimsbókmenntir

„Frá upphafi hafa þýddar heimsbókmenntir sett svip sinn á útgáfu Uglu," segir Jakob. „Á þessu ári gefur Ugla út *Endurfundi á Brideshead* eftir Evelyn Waugh í þýðingu Hjalta Þorleifssonar, en það er fyrsta bókin sem kemur út á íslensku eftir þennan fræga stílsnilling. Þá gaf Ugla út á árinu meistaraverkið *Stílæfingar* eftir Raymond Queneau í þýðingu Rutar Ingólfsdóttur og *Fahrenheit 451* eftir Ray Bradbury í þýðingu Þórdísar Bachmann.

Af nútímabókmenntum sem Ugla gefur út á þessu ári má nefna *Heima* eftir bandaríska verðlaunahöfundinn Marilynne Robinson í þýðingu Karls Sigurbjörnssonar, *Óveðrið* eftir Steve Sem-Samberg, einn virtasta höfund Svía um þessar mundir, í þýðingu Kristínar Bragadóttur og *Dans við dreka* eftir George R.R. Martin, 1.200 blaðsíðna stórvirki í *Game of Thrones*-flokknum, í þýðingu Elínar Guðmundsdóttur."

Skvísubækur og sjálfshjálp

„Þá hefur Ugla á þessu ári haslað sér völl í svokölluðum skvísubókaflokki með útgáfu á fyrstu bók enska metsöluhöfundarins Jill Mansell á íslensku, *Þú og ég, alltaf*, og bókinni *Endurfundirnir* eftir hinar sænsku Sten-mæðgur," segir Jakob.

„Enn er að nefna að Ugla gaf út á árinu tvær klassískar sjálfshjálparbækur, þótt ólíkar séu og skrifaðar með 2.500 ára millibili: *Hernaðarlistina* eftir Sun Tsu og *Máttinn í núinu* eftir Eckhart Tolle."

Ný vefverslun

„Af þessari upptalningu allri má sjá að Ugla er orðið alhliða útgáfufyrirtæki sem gefur út fjölbreytt úrval bóka," segir Jakob að lokum.


Í tilefni 15 ára afmælisins hefur Ugla opnað nýja vefverslun á slóðinni www.uglautgafa.is. Þar verður innan skamms hægt að kaupa allar útgáfubækur Uglu frá upphafi.

Sjá nánar á heimasíðu Uglu útgáfu: uglautgafa.is.


Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | **Veffang:** frettabladid.is

netto

BÓKAJÓLIN BYRJA Í NETTÓ!




Aðferðir til að lifa af
4.549 kr.




Boðorðin
4.549 kr.




Halaveðrið mikla
4.549 kr.



Hvítidauði
4.549 kr.



Innflytjandinn
4.549 kr.




Kokkáll
4.549 kr.



Stelpur sem ljúga
4.549 kr.



Þögn
4.549 kr.



Stöngin út
4.874 kr.



Vængjabytur vonarinnar
4.874 kr.

Tilboðsverð gilda 13. - 15. desember

Bækur kvenna í hávegum hjá bóksölum landsins

Bóksalar landsins kusu á dögunum bestu bækur ársins. Niðurstöðurnar voru kynntar í sjónvarpsþættinum Kiljunni, eins og venja hefur verið. Konur áttu sannan stórleik og einokuðu nokkra flokka. Bókaforlagið Angústúra á öll bestu þýddu skáldverkin í fyrstu þremur sætunum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Besta skáldsagan var valin Svínshöfuð eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur en bókin er bæði tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna. Í öðru sæti var Aðferðir til að lifa af eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur, en sú bók er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Korngult hár grá augu, hin stórgóða skáldsaga Sjóns lenti í þriðja sæti.

Jakobína – Saga skálds og konu eftir Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur var valin besta ævisagan.



Andri Snær á bestu bókina í flokki fræðirita. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.



Bók Guðrúnar Evu Mínervudóttur var valin í annað sætið. Bókin nefnist Aðferðir til að lifa af.



Korngult hár grá augu, skáldsaga Sjóns, lenti í þriðja sæti.

Bókin er saga skáldkonunnar Jakobínu Sigurðardóttur, rituð af dóttur hennar. Bók sem bæði er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna. Áratugagömul bók, Undir fána lýðveldisins – Endurminningar frá Spánarstyrjöldinni eftir Hallgrím Hallgrímsson, varð í öðru sæti. Án filters eftir Björgvin Pál Gústavsson og Sölva Tryggvason var í því þriðja.

Konur einoka ljóða- og ungmennalistann

Þegar kom að vali á ljóðabókum röðuðu þrjár konur sér í efstu sætin. Besta ljóðabókin að vali bóksala er Okfruman eftir Brynju Hjálmsdóttur, Leðurjakkaveður eftir Fríðu Ísberg var í öðru sæti og Heimskaut eftir Gerði Kristnýju í því þriðja.

Þrjár konur eiga einnig bestu ungmennabækurnar. Nornin eftir Hildi Knútsdóttur þótti best. Síðan komu Villueyjar eftir Ragnhildi Hólmgeirsdóttur og Fjallaverksmiðja Íslands eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

Andri Snær heillar bóksala

Í flokki fræði- og handbóka sigraði Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ Magnason – bókin sem af einhverjum undarlegum ástæðum var ekki tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Síldarárin 1867-1969 eftir Pál Baldvin Baldvinsson varð í öðru sæti. Saman í þriðja og fjórða sæti voru Lífgrös og leyndir dómar eftir Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur og Listin að vefa eftir Ragnheiði Björk Þórsdóttur.

Vigdís – Bókin um fyrsta konuforsetann eftir Rán Flygenring þykir vera besta barnabókin. Í öðru sæti varð Kjarval – Málarinn sem fór sínar eigin leiðir eftir Margréti Tryggvadóttur og saman í þriðja og fjórða sæti lentu Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins eftir Snæbjörn Arngrímsson og Draumaþjófurinn eftir Gunnar Helgason.



Þýddar bækur

Slæmur pabbi eftir hinn sívinsæla David Walliams er besta þýdda barnabókin að mati bóksala. Handbók fyrir ofurhetjur – Vargarnir koma eftir Elias og Agnesi Våhlund er í öðru sæti og Snjósystirin eftir Maju Lunde í því þriðja.

Bókaforlagið Angústúra á öll þrjú þýddu skáldverkin sem lentu í verðlaunasætum. Glæpur við fæðingu eftir Trevor Noah þykir besta þýdda skáldverkið, Kona í hvarfpunkti eftir Nawal el Saadawi er í öðru sæti og Hnitmiðuð kínversk-ensk orðabók fyrir elskendur eftir Xiaolu Guo í því þriðja.

Athyglisverðar bókarkápur

Bóksalar völdu einnig bestu bókakápuna og þar sigraði Kærastinn er rjóður eftir Kristínu Eiríksdóttur. Í öðru sæti var Hunangsveiði eftir Soffíu Bjarnadóttur og í því þriðja Eilífðarnón eftir Ástu Fanneyju Sigurðardóttur.

GEFÐU GJÖFINA
SEM BARNIÐ ÞITT MUN EIGA INNRA MEÐ SÉR Í LANGAN TÍMA!



HUGARPERLUR (4-10 ára)





#ÞRAUTSEIGJA
#SJÁLFSTRAUST
#VAXTAR-HUGARFAR









Skemmtilegar bækur sem opna fyrir samtal um tilfinningar.
TÓNLIST (JÓN VALUR) og AUKA NÁMSEFNI fylgja bókunum!

ORAN OG GUTAN (0-3 ára)





VERUM SAMAN
LESUM SAMAN
VÖXUM SAMAN


Vissir þú að nokkurra vikna gömul börn geta sýnt skilning á tilfinningum annarra? ALDREI OF SNEMMT að lesa sögubækur fyrir smábörn.

oran
skemmtilegar bækur, námsefni og fleira
oran books ehf. www.oran.is info@oran.is


SÍGILDAR FYRIR BÖRNIN



Einstaklega falleg jólasaga eftir Maju Lunde
til að lesa á aðventunni og um jólin



Klassíska ævintýrið um börnin
á Saltkráku eftir Astrid Lindgren



Lalli og Maja takast á við nýja ráðgátu
– Ráðgátubækurnar eru alltaf jafn spennandi!



Þrjár sögur í einni bók:
Minningar múmínpabba
Örlaganóttin
Vetrarundur í múmíndal


LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á **www.forlagid.is**




Stórskemmtileg, tæpitungulaus og dramatísk saga frumkvöðlanna í íslensku atvinnuleikhúsi. Glæsilegt verk eftir Jón Viðar Jónsson.

Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.




Saga revíunnar á Íslandi í máli og myndum. Einstök upprifjun á vinsælustu skemmtunum Íslendinga á 20. öld.



Höpp og glöpp Óla Schram eru full af frásagnargleði, gálgahúmor og óvæntum uppákomum.

Ein skemmtilegasta bók ársins!



Ein frægasta saga Balzacs. Breska blaðið The Guardian setti hana á lista yfir 100 bestu skáldsögur allra tíma árið 2006.

Hvalreki fyrir alla þá sem unna klassískum bókmenntum.

SKRUDDA


www.skrudda.is
skrudda@skrudda.is

Bækurnar sem bjuggu til jólin

Fjórar sígildar jólabækur sem eiga það sameiginlegt að hafa mótað jólavitund bæði heimsbyggðarinnar og heimahaganna, einkum þó hvað varðar neysluvenjur um jól.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is





Jólin koma

Jólaverur Íslands eiga allt sitt litlu kveri að þakka sem kom út árið 1932. Þetta jólakver heitir Jólin koma og er eftir Jóhannes úr Kötlum með myndskreytingum eftir Tryggva Magnússon. Bókin inniheldur nokkur kvæði en hvert þeirra um sig hefur haft gríðarlega mikil áhrif bæði á kynslóðir Íslendinga en ekki síður á jólaanda samfélagsins í heild. Kvæðin eru „Jólin koma“ sem einnig er þekkt sem „Bráðum koma blessuð jólin“, „Jólasveinarnir“ þar sem þrettán óknyttabræður voru nafngreindir, fengu sína eiginleika og urðu út frá þessari bók að þeim fasta í samfélaginu sem fátt fær hnikað og sem greinir okkur frá þjóðum sem þurfa að láta sér nægja einn jólasvein. Grýla móðir þeirra fær eitt kvæði þar sem hennar helstu eiginleikar eru skilgreindir og gæludýrið hennar, jólakötturinn, einnig. Þessar skilgreiningar úr Jólin koma hafa lifað með þjóðinni frá 1932 þó auðvitað eigi þær rætur í eldri hefðum og sögum. Jólasveinarnir, Grýla og jólakötturinn eru öll einskonar aðhaldsverur, jólasveinarnir stela verðmætum þínum ef þú passar þau ekki, Grýla étur börn sem haga sér ekki sem skyldi og jólakötturinn étur þau sem ekki fá nýja flík frá þeim fullorðnu. Þannig undirstrika þessar jólavættir okkar hina efnislegu hlið jólanna (nema Grýla sem étur bæði ríka og snauða óþekktaranga). Jólin koma hafa verið endurprentuð oftar en hægt er að telja og er lestur á þeim upptaktur að jólunum á mörgum heimilum.

Jólaævintýri Dickens

kom fyrst út þann 19. desember árið 1843 og seldist fyrsta upplag upp fyrir þau jól. Sagan er sprottin upp úr endurskoðun á jólasiðum sem stóð yfir á Englandi á þessum árum þar sem kynntar voru til sögunnar ýmsar nýjar leiðir til að gera sér glaðan dag sem fólu í sér breyttar neysluvenjur og áherslur á hvað þótti nauðsynlegt til að halda góð jól. Þarna var millistéttin að komast í álnir og því kjörið að ýta undir verslun og viðskipti. Sagan um leiðinda- og nískupúkann Skrögg sem finnst algjör óþarfi að fagna jólunum með neyslu og eyðslu en sér villu síns vegar og slæst kátur í jólaneysluna þegar þrír jólaandar hafa sýnt honum villu síns vegar fellur vel inn í þessa nýju siði og hefur lifað góðu lífi alveg síðan og er ein vinsælasta og þekktasta jólasaga Vesturlanda. Dickens sjálfur hafði það að sið að lesa upphátt úr bókinni á jólaföstunni í 21 ár eða þar til hann lést.




Margir hafa brugðið sér í hlutverk Ebeneserar Skröggs. Hér má sjá Kelsey Grammer spreyta sig á því.

Aðfaranótt jóla eða The Night before Christmas

Heimsókn frá Sankti Kláusi eða A Visit from St. Nicholas eftir Clement Clark Moore hefur verið kallað þekktasta og ástsælasta kvæði sem ort hefur verið af Bandaríkjamanni. Það kom fyrst út árið 1823 og hafði mikil áhrif á mótun hugmynda Bandaríkjamanna um jólin, jólasveininn og gjafahegðun hans en ljóðið kviknaði í huga Moores í sleðaferð sem hann fór í og sótti hann innblástur í annars vegar söguna um Heilagan Nikulás sem gaf börnum gjafir þann 6. desember í kaþólskum löndum Evrópu og hins vegar í óljósar hugmyndir um hrekkjótta álfa sem heimsóttu fólk á jólanótt. Ímyndin af jólasveininum sem ferðast um himinhvolfið í sleða sem dreginn er af hreindýrum og stingur sér niður strompinn til að gefa börnum leikföng er alfarið sprottin úr þessu ljóði og sú hefð að gefa veglegar jólagjafir einnig.



Heimsókn frá Sankti Kláusi eða The Night Before Christmas er eitt þekktasta kvæði sem Bandaríkjamaður hefur nokkru sinni ort.



Hér má sjá höfundinn Theodore Giesel skissa upp hinn alræmda Trölla sem stal jólunum.

Þegar Trölli stal jólunum

Vel ríflega hundrað árum eftir að Charles Dickens og Clement Clark Moore höfðu stimplað mikilvægi gjafa og neyslu inn í jólavitund Vesturlanda kom út bókin How the Grinch stole Christmas sem á íslensku heitir Þegar Trölli stal jólunum eftir Theodore Giesel sem stundum var einnig nefndur Dr. Seuss og samdi einnig sögurnar um Köttinn með höttinn. Trölli býr einn og fúll, ekki ósvipað Scrooge, og þolir ekki jólin frekar en Scrooge. Hann ákveður að útrýma þessari óværu í eitt skipti fyrir öll og tekur sig til og stelur öllum efnislegum birtingarmyndum jólanna, trjám, gjöfum og mat og heldur að hann geti þar með komið í veg fyrir að jólin komi. En jólin koma samt í hjörtu mannanna án þess að efnisveruleikinn komi þar nærri og hjarta Trölla stækkar um þrjú númer. Á tímum ofneyslu og efasemda um gildi hennar er hollt að velta boðskap þessarar sögu fyrir sér og í raun allra þeirra sígildu og mótandi jólasagna sem hér hefur verið tæpt á. Það má ljóst vera að sígildustu jólabækurnar ýta undir neyslu en þá er gott að muna að það verður glatt í döprum hjörtum þó ytri umbúnaður sé minni en undanfarin ár. Stundum getur ein bók breytt heiminum og slík bók er besta jólagöfin.

Mikilvægt að fanga athygli barna

Kristín Ragna Gunnarsdóttir er teiknari, grafískur hönnuður og rithöfundur. Í nýjustu bók hennar, Nornasaga – Hrekkjavakan, koma meðal annars við sögu galdrar, goðsögur og græðgi.

Nornasaga – Hrekkjavakan fjallar um bekkjarsystkinin Kötlu og Mána og vináttu þeirra," segir Kristín. „Kötlu verður það á að opna galdragátt á hrekkjavökunni. Hún snertir eldfjall á gömlu Íslandskorti og ævaforn norn úr heimi norrænna goðsagna gýs upp úr því. Nornin heitir Gullveig og henni fylgja þrettán halalausar rottur. Þær reynast vera hamhleypur líkt og Gullveig. Gullveig hyggst leggja samfélag manna í rúst. Áður hefur hún valdið miklum usla í goðheimum með því að kynda undir gullgræðgi."

Fjörug atburðarás

Í heimi mannanna taka við kunnugleg stef, sem einkenna bæði tíðarandann og þennan tíma árs. „Nornin heldur fullveldishátíð í Hörpu og leggur álög á landsmenn. Hún nýtir snjallsíma fólks til að boða möntruna „Ég, um mig, frá mér, til mín" og hvetur menn til sjálfsdýrkunar og kaupæðis. Auk þess gerir hún Hallgrímskirkju að höll sinni og breytir Sólfarinu í skemmtiferðavíkingaskip svo fátt eitt sé nefnt."

Þá er norræna goðafræðin aldrei langt undan. „Gullveig er staðráðin í að koma þeim sem hleypti henni inn um gáttina fyrir kattarnef og festir Mána á blað. Katla þarf því ekki aðeins að finna leið til að koma Gullveigu burt heldur þarf hún líka að bjarga besta vini sínum, áður en það er of seint. Kvæðið Völuspá reynist geyma mikilvægar upplýsingar um Gullveigu og í ljós kemur að hún er ekki eina nornin á svæðinu. Systir hennar hefur búið á Íslandi í þó nokkurn tíma. Kötlu fer líka að gruna að hún sjálf búi yfir galdramætti. Á það reynir í uppgjöri hennar við Gullveigu. Þá kemur Konungsbók Eddukvæða líka við sögu."

> **Bókin er spennudrifin. Mér finnst mikilvægt að börn geti ekki beðið með að halda lestrinum áfram.**

Litríkt sjónarspil

Kristín leggur ríka áherslu á að fanga og viðhalda áhuga barna og notar til þess bæði spennandi söguþráð og líflegar teikningar. „Bókin er spennudrifin. Mér finnst mikilvægt að börn geti ekki beðið með að halda lestrinum áfram. Auk þess er hún ríkulega myndskreytt til að gera lestrarævintýrið enn skemmtilegra. Í henni eru m.a. litmyndir af öllum helstu sögupersónum. Ýmsum mikilvægum upplýsingum er lætt inn í stærri myndirnar. Nornasaga – Hrekkjavakan er fyrsta bókin af þremur í Nornasöguseríunni. Næsta bók mun heita Nornasaga – Nýársnótt."

Tilurð bókarinnar má rekja til sjónrænnar hugljómunar sem birtist Kristínu við skrif síðustu bókar. „Hugmyndin að Nornasögu



Kristín Ragna segir áríðandi að barna- og unglingabækur séu hrífandi.



Nornasaga – Hrekkjavakan fjallar meðal annars um sjálfsdýrkun samtímans og galdra goðafræðinnar.

kom til mín þegar ég var að klára að skrifa síðustu bókina um Úlf og Eddu; Úlfur og Edda: Drottningin. Ég teiknaði kort í allar bækurnar og var umkringd póstkortum á meðan ég skrifaði þær. Eitt póstkortið var með mynd af gömlu Íslandskorti. Dag einn fannst mér sem sjórinn á myndinni hreyfðist, líkt og gerist hjá Kötlu í fyrsta kafla Nornasögu. Ég leit við og sá þá alla senuna þegar Gullveig mætir í mannheima ljóslifandi fyrir mér. Auðvitað varð ég að komast að því hvað gerðist næst og þá var ekkert annað að gera en að skrifa bókina."

Ævintýraleg en þó full af drunga

Villueyjar er önnur bók rithöfundarins og sagnfræðingsins Ragnhildar Hólmgeirsdóttur. Hún segir bókina heillandi en jafnframt óhugnanlega og að hún sé ekki eingöngu ætluð unglingum.

Eftir að ég gaf út fyrri bókina mína, Koparborgina, var ég markvisst í leit að efni í nýja bók. Mig langaði ekki að skrifa framhald af fyrstu bókinni, en fannst samt heimurinn sem hún gerist í of áhugaverður til að sleppa á honum tökunum. Koparborgin var mjög lokaður heimur og erfitt að átta sig á því hvað væri fyrir utan borgina, en þó var stundum minnst á eitt erlent ríki, Eylöndin. Ég ákvað því að kanna þetta land betur," segir Ragnhildur um tilurð nýju bókarinnar.

„Inn í söguþráðinn fléttaði ég svo alls konar smáatriðum sem voru á sveimi í höfðinu á mér, þrjóskan nemanda að rífast við strangan kennara, tilfinninguna fyrir því að falla stöðugt dýpra ofan í ískalt vatn, manneskju sem hélt utan um skaftið á ör sem skagaði út um bringuna á henni. Mig langaði til að búa til ævintýralega og heillandi bók sem væri jafnframt full af óhugnaði og drunga."

Þarf maður að leita eftir unglingnum í sjálfum sér þegar maður skrifar bók fyrir unglinga?


„Ég er ekki viss um að það sé nauðsynlegt. Það hlýtur að fara eftir því hvernig bók maður vill skrifa. Koparborgin var líka ætluð fyrir unglinga en söguhetjan var frekar bernsk í sér. Hún hafði lent í of hræðilegum hlutum til að hafa mikinn tíma fyrir það að vera unglingur, sú bók gekk meira út á hasarinn."


Ragnhildur Hólmgeirsdóttir segir góðar bækur ekki endilega þurfa að vera bundnar við tiltekna aldurshópa. Góð bók sé alltaf góð bók.

Hugur hennar hafi þó leitað til unglingsáranna við skrifin á Villueyjum. „Söguþráðurinn í Villueyjum er hins vegar drifinn áfram af því að söguhetjan er að fullorðnast og fer að spyrja sjálfa sig og aðra gagnrýninna spurninga. Þá fór ég ósjálfrátt að rifja upp hvernig mér hafði liðið á þessum aldri."

Hvers vegna ákvaðstu að skrifa fyrir unglinga?

„Í sjálfu sér er bókin ekki bara fyrir unglinga. Hún er fyrir alla sem hafa einhvern tíma verið unglingar, alla sem sperra eyrun þegar þeir heyra um hryllingsmyndir sem gerast á afskekktum enskum sveitasetrum, eða bara alla sem



Villueyjar er önnur bók Ragnhildar.

vilja lesa spennandi bækur.

En ég lít samt á mig sem unglingabókahöfund frekar en ýmislegt annað, líklega af því að unglingsárin voru sá tími sem bækur skiptu mig hvað mestu máli. Ég verð stundum pirruð á þessari endalausu aldurshólfun því góð bók er alltaf góð bók, en ég held það sé líka staðreynd að góð bók getur orðið uppáhaldsbók ef maður les hana á réttum tíma."


Áttir þú þér uppáhaldsbók eða bækur sem barn og unglingur? Var einhver tiltekin bók sem hafði áhrif á ákvörðun þína að gerast rithöfundur?

„Ég las nú eiginlega allt sem ég komst í þegar ég var barn. Það var mikið af bókum í kringum mig og ég var ekki á kafi í tómstundastarfi eins og svo margir krakkar, ég hafði nægan tíma til að lesa."

Sökum lestraráhugans hafi fyrstu þreifingarnar sem rithöfundur gengið brösuglega en með tímanum hafi hún fundið sína eigin rödd. „Auðvitað fékk ég reglulega æði fyrir einhverri bók og hugsaði: „Vá, ég vil skrifa svona bók." Svo byrjaði ég á því og skrifaði að sjálfsögðu einhverja hundlélega eftirhermu og gafst upp eftir nokkrar blaðsíður. Ég held að lykillinn að því að geta skrifað sé að lesa nógu mikið og nógu fjölbreytt efni. Þá víkkar sjóndeildarhringurinn og maður öðlast sjálfstæði til að skrifa sína eigin bók, án þess að vera stöðugt að herma eftir því sem hreif mann síðast."

Ástæðurnar voru þó af ýmsum toga. „En kannski var ein helsta ástæða þess að ég vildi verða rithöfundur sem barn sú að mig langaði til að komast í blaðaviðtal og monta mig dálítið af því hvað ég væri klár. Þegar ég gaf út Koparborgina komst ég hins vegar að því að mér þykir öll þessi athygli frekar hvimleið og stressandi. En hvað sem því líður, upphafning rithöfunda í fjölmiðlum hefur þrátt fyrir allt skilað íslenskum lesendum þessum tveimur bókum, svo ég hvet menningarblaðamenn til að halda sínu góða starfi áfram."

FÁTT ER BETRA EN GÓÐ JÓLABÓK



Harry Potter og viskusteinninn (myndskreytt)
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-



Sæþokan
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.499.-



PAX - Útburðurinn
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



Dulmálsmeistarinn
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-



Þ13ettán (Þrettán)
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-



Villueyjar
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 5.499.-



Ævintýri Munda lunda
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



3 bækur í pakka - Máni / Ræningjarnir þrír / Tröllið hennar Sigrúnar
TILBOÐSVERÐ: 5.499.-
Verð áður: 6.899.-



Sólstafir - Sagan af Frey og Gerði
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.799.-



Sara Björk - Óstöðvandi
TILBOÐSVERÐ: 4.699.-
Verð áður: 6.999.-



Án filters
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð áður: 5.499.-



Hin ódauðu
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2019




METSÖLULISTI EYMUNDSSON
4.12.19 – 10.12.19




Hundmann
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



Verstu börn í heimi 3
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



Slæmur pabbi
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.499.-



1 **Tregasteinn**
Arnaldur Indriðason



2 **Innflytjandinn**
Ólafur Jóhann Ólafsson




3 **Þinn eigin tölvuleikur**
Ævar Þór Benediktsson



4 **Hvítidauði**
Ragnar Jónasson



5 **Þögn**
Yrsa Sigurðardóttir



6 **Um tímann og vatnið**
Andri Snær Magnason



7 **Orri óstöðvandi**
Bjarni Fritzson



8 **Tilfinningabyltingin**
Auður Jónsdóttir



9 **Aðferðir til að lifa af**
Guðrún Eva Mínervudóttir



10 **Leikskólalögin okkar**
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 13. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Hunangsveiði er hættulegt starf

Soffía Bjarnadóttir sendi nýlega frá sér skáldsöguna Hunangsveiði. Í henni segir frá Silvu Saudade sem stendur á tímamótum í lífinu og leitar uppruna síns í Portúgal. Saga um ástina og sorgina.

Hunangsveiði segir frá Silvu Saudade sem á í ástarsambandi sem virðist vera að leysast upp og gengur með bréf frá löngu látinni ömmu sinni við brjóst sér," segir í umsögn bókaútgáfunnar Angústúra um söguna. „Munúðarfull saga um mörk sið-ferðis, dauða og endurfæðingu."

Soffía segist geta tengt upphaf skrifanna meðal annars við draum sem hana dreymdi fyrir margt löngu og hefur síðan setið í huga hennar. „Það voru margir þræðir sem kölluðu á mig fyrir þessa bók. Mig dreymdi draum þar sem ég horfi í spegil og sé skordýr í auganu á mér. Ég dreg dýrið úr auganu á vængjunum og legg á vigt. Þetta er forláta skordýr sem er við það að drepast. Draumurinn lét mig ekki í friði. Að dreyma skordýr tengist endurfæðingu og andlegri hugljómun. Það má kannski segja að ég hafi í framhaldinu farið í andlegt og sársaukafullt ferðalag," útskýrir Soffía og bendir á að ferðalagið í bókinni sé skáldað, harmrænt og holdlegt ævintýri.

„Ég dvaldi í Nepal í þrjá mánuði þar sem ég frétti af ættbálki sem lifir á hunangsveiði. Ég varð hug-fangin af þessu fólki því þetta er hættulegt starf sem hefur fylgt kynslóð eftir kynslóð allt frá fornu fari. Mér fannst þetta allt saman einhvern veginn vera lýsandi fyrir lífið eða það ferðalag sem við erum á. Líklegast var þetta




Soffía Bjarnadóttir rithöfundur hefur sent frá sér tvær skáldsögur og tvær ljóðabækur. MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

kveikjan að sögunni," segir hún.

Soffía segir að margar spurn-ingar hafi vaknað í framhaldinu. „Þegar maður horfir á grimmdina í heiminum og spyr hvernig best sé að vernda það sem skiptir raun-verulegu máli. Hvernig verndar maður jörðina, okkur sjálf og tengslin á milli manna? Sagan er bæði um ástina og sorgina. Einnig leitina að þessu dýrmæta sem skiptir máli, að takast á við eigið síðferði, arf sinn og um hunangið – sjálfa fyrirgefninguna og tímann sem við erum föst í. Í sögunni er sömuleiðis falin ástarsaga úr for-tíðinni," upplýsir hún og bætir við að sagan sjálf sé á vissan hátt ævin-týri. Í henni koma upp mikilvægar spurningar um fortíðina sem þarfnast svara og skilnings. „Þetta er bæði flókin saga og einföld."

Soffía lauk MA-prófi í bók-menntafræði árið 2011 með áherslu á samband skáldskapar og dauða auk áhrifa goðsagna í samtímaskáldskap. Áður hafði hún stundað nám í leikhúsfræðum við Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hún lokið prófi í ritlist frá Háskóla Íslands. Námið tengist á margan hátt sköpun hennar í skáldverkinu en Soffía hefur



einnig gefið út tvær ljóðabækur og skrifað leikverk sem sýnt var á listahátíð í fyrra.

Soffía segir að hún sé með tvær bækur í smíðum en önnur þeirra er barnabók. „Leikritaformið heillar mig reyndar mikið og leikhúsið er spennandi heimur," segir hún. „Mér finnst samt erfitt að skrifa almennt séð en er líka það fallegasta og besta sem ég veit. Þetta er bæði gjöf og bölvun að verða að skrifa til að anda og vera til. Ég hef skrifað mikið um dauðann sem mér þykir vera óður til lífsins og mér þykir mjög vænt um lífið."

Vér mótmælum ekki þessu

Barnabókin Vigdís: bókin um fyrsta konuforsetann, var valin Barnabók ársins af bóksölum. Höf-undurinn Rán Flygenring segir ómetanlegt að hafa getað unnið hana í nánu samstarfi við Vigdísi.

Já, það var strembið að teikna Vigdísi og hún er ein af þeim erfiðustu sem ég hef teiknað. Sem betur fer er Vigdís með auð-þekkjanlegt hár sem bjargaði svolítið málunum en það krafðist töluverðrar æfingar að ná henni," segir Rán Flygenring, teiknari og höfundur bókarinnar Vigdís: bókin um fyrsta konuforsetann.

„Hvort fólk sé teiknivænt er í engu samræmi við það hvort andlitið sé frítt eða myndist vel. Ég á í mínu einkasafni tilraunir ýmissa teiknara til að ná Vigdísi og árangurinn er æði misjafn. Það er því ekki bara ég sem hef bjástrað við þetta," segir Rán kímin.

Blessun Vigdísar mikilvæg

Hugmyndin að bókinni um Vigdísi fæddist hjá Eddu Hafsteinsdóttur sem búið hafði í Bandaríkjunum um árabil og kynnst þar mynda-bókum um sögulegar kvenhetjur.

„Edda vildi kynna okkar helstu kvenhetju, Vigdísi Finnbogadótt-ur, fyrir dætrum sínum og þótti sárlega vanta að Vigdísi hefðu verið gerð skil í íslenskri mynda-bók. Hún kynnti því hugmyndina fyrir bókaforlaginu Angústúru og vitaskuld undur að slík bók hafi ekki komið út fyrir löngu," segir Rán sem í kjölfarið var falið að teikna og skrifa bókina.


„Í dag lifa kynslóðir barna sem þekkja vel nafn Vigdísar en vita ekki endilega af hverju. Því er tímabært að kynna hana fyrir þeim og mörg börn verða hissa þegar þau heyra um fyrsta kven-forseta heimsins," segir Rán.



Rán Flygenring segir hjartað en ekki heilann hafa skilað sér í höndina þegar hún teiknaði Vigdísi. Hér situr hún í stofu Vigdísar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Frú Vigdís tók þátt í sköpun bókarinnar með Rán.

„Við Vigdís hittumst fyrst í upp-hafi, þegar ég var í rannsóknar-vinnunni. Þá vildi ég heilsa upp á hana og kynnast henni aðeins. Það var ómetanlegt, því það er erfiðara að teikna fólk eftir ljósmyndum eða lýsingum og eitthvað sem ekki er hægt að ná í fari viðkomandi nema að vera í kringum það. Þá kemur fram eitthvað sem ekki skilar sér á ljósmyndum; tilfinning og hvernig við víbrum og er mikil-vægt fyrir teiknarann að skynja. Það gerir svo heilinn ekki heldur



hjartað sem skilar sér í höndina," útskýrir Rán.

Vigdís lagði blessun sína yfir verkefni Ránar og Rán fékk að skoða sig um á heimili hennar.

„Vigdís var örlát á tíma sinn og visku og setti sig inn í handritið með mér. Að geta unnið bókina með henni var bæði mikils virði og ákaflega gefandi. Vigdís er einstak-lega göfuglynd og hógvær og vildi passa upp á að ekkert stærilæti væri í persónu sinni í bókinni," upplýsir Rán.

Eldist með reisn og húmor

Bókin um Vigdísi er hugsuð fyrir lesendur á aldrinum fimm til 105 ára.

„Vigdís er fyrirmynd svo margra, á mörgum sviðum og spannar vítt svið. Hún gjörbreytti heimsmynd okkar, er sterk fyrirmynd kvenna og krakka, í gegnum leikhúslífið, bókmenntir og frönskukennsluna, og svo náttúruvernd þar sem hún var einkar framsýn. Fyrir mig er hún til dæmis fyrirmynd í því hvernig á að eldast með reisn og húmor. Í því felst mikil andagift."

Rán segist ekki biðja um meira en að Vigdís sé ánægð með bókina og það er hún svo sannarlega.


„Uppáhaldsmynd Vigdísar í bókinni er sú þar sem hún stendur á svölum Alþingishússins og flytur setningarræðu sína í túr-kísbláum kjól. Andspænis henni á Austurvelli stendur styttan af Jóni Sigurðssyni þar sem hann segir: „Vér mótmælum ekki þessu,"" upp-lýsir Rán og brosir.

Hún er líka stolt af samstarfinu við Yrkju því Vigdís er mikil nátt-úruverndarkona.


„Þegar Vigdís var forseti tók hún alltaf með sér þrjár birkihrís-lur í opinberar heimsóknir í sveitir landsins; eina fyrir stúlkur, aðra fyrir drengi og þá þriðju fyrir ófæddu börnin. Svo fékk hún stelpu til að gróðursetja tré fyrir drengina og dreng til að gróður-setja tré fyrir stúlkurnar og tvö börn til að gróðursetja tré fyrir ófæddu börnin. Mörgum þótti þetta kvenleg nálgun en Vigdís gerði þetta til að binda landið og í dag er þetta mál málanna. Bækur eru svo úr pappír og pappír úr tré og saman skapar það hringrás í náttúrunni, enda eru tré framtíðin og fyrir hverja selda bók gróður-setur Yrkjusjóður Vigdísar tré í samstarfi við börn í grunnskólum landsins," segir Rán.

netto


ENGIN JÓL ÁN BÓKA!



Nótabátur leggst í víking
3.184 kr.




Jólasyrpa 2019
1.814 kr.




Útkall - Tifandi tímasprengja
4.339 kr.




Orri óstöðvandi
2.559 kr.




Tónlist liðinna alda
6.467 kr.




Fjarþjálfun
4.409 kr.




Léttir réttir Frikka
4.339 kr.



Án filters
3.519 kr.



Leikskólalögin okkar
3.839 kr.



Dagbók Kidda klaufa
3.199 kr.

Tilboðsverð gilda 13. - 15. desember



Áslaug er bókasafnsfræðingur og starfar á bókasafninu í Grófinni. Hún segir að bókasöfnin séu alltaf að breytast og margir viðburðir alltaf í gangi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Finnur fyrir auknum lestraráhuga

Áslaug Óttarsdóttir bókasafnsfræðingur hefur starfað á Borgarbókasafninu í Grófinni í tæp fimm ár en hefur verið viðloðandi bókasöfn í tæpa fjóra áratugi og segir margt hafa breyst.

Tuttugu ára útgáfuafmæli
Byggðasögu Skagafjarðar



AFMÆLIS TILBOÐ
kr. 60.000
FYRIR ALLAR NÍU BÆKURNAR

Afmælistilboð á Byggðasögu Skagafjarðar

- **I. bindi** um Skefilsstaðahrepp og Skarðshrepp **kr. 7.500**
- **II. bindi** um Staðarhrepp og Seyluhrepp **kr. 7.500**
- **III. bindi** um Lýtingsstaðahrepp **kr. 7.500**
- **IV. bindi** um Akrahrepp **kr. 7.500**
- **V. bindi** um Rípurhrepp og Viðvíkurhrepp **kr. 7.500**
- **VI. bindi** um Hólahrepp **kr. 7.500**
- **VII. bindi** um Hofshrepp **kr. 7.500**
- **VIII. bindi** um Fellshrepp og Haganeshrepp **kr. 7.500**
- **IX. bindi** um Holtshrepp **kr. 16.000**

Útgáfa bókarinnar var styrkt af
Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra, BYKO og Steinull.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA | BYKO | STEINULL

Ofangreint verð er félagsmannaverð Sögufélags Skagfirðinga og býðst einnig þeim sem panta beint frá útgáfunni.

Þeir sem greiða fyrir jól 2019 fá bækurnar sendar burðargjaldsfrítt, eftir það leggst við burðargjald. Hægt er að semja um greiðsludreifingu.

Kennitala Sögufélagsins er:
640269-4649
Bankareikningur:
0310 - 26 - 11011

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
STOFNAÐ 1937

Safnahúsinu
550 Sauðárkróki
Sími 453 6261
Netfang: saga@skagafjordur.is
http://sogufelag.skagafjordur.is

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Áslaug segir að útlán í desember séu ekkert frábrugðin því sem er í öðrum mánuðum ársins. Það sé frekar á sumrin sem starfsfólk finnur fyrir aukningu og þá séu spennusögur mjög vinsælar. „Það fylgir auðvitað fríum að fá sér fleiri bækur að lesa eða mynddiska. Ég hef ekki rannsakað þetta sérstaklega en hef á tilfinningunni að fólk fái fleiri bækur að láni fyrir páska en jól. Nýju bækurnar eru alltaf vinsælar og eftirspurnin mikil eftir þeim. Þær stoppa sumar mjög stutt hjá okkur. Við höfum stundum stillt upp jólabókum síðasta árs á þessum árstíma. Fólk hefur yfirleitt ekki náð að komast yfir að lesa allt það magn sem gefið er út ár hvert svo þá er gott að minna á nýlegar bækur þegar erfitt er að nálgast þær allra nýjustu. Biðtími eftir nýjum bókum er misjafnlega langur eftir titlum, stundum endast pantanir fram eftir árinu en yfirleitt gengur þetta hratt fyrir sig. Biðtíminn styttist eftir áramótin en þá hafa margir fengið nýja bók í jólagjöf," segir Áslaug.

Það er enginn uppsettur vinsældalisti í bókasafninu í Grófinni eins og í bókabúðum. „Við stillum nýjustu bókunum þannig upp að þær fá mesta athygli, erum reyndar alltaf með alls kyns útstillingar sem tengjast líðandi stund, til dæmis ef einhver höfundur á stórafmæli eða hrekkur upp af en þá er vakin athygli á verkum hans. Einnig tengjum við útstillingar alls kyns viðburðum hvort sem þeir eru á safninu sjálfu eða annars staðar," segir Áslaug og bætir við að lestraráhugi hafi aukist og útlánin líka. „Það gleður okkur mikið."


Hún segir að flestir gestir bókasafnsins taki eina til tvær bækur í einu, skili þeim og nái sér í nýjar. „Aðrir koma sjaldnar og birgja sig þá upp en hver lánþegi má hafa allt að þrjátíu bækur í láni í einu.

> **Nýju bækurnar eru alltaf vinsælar og eftirspurnin mikil eftir þeim. Þær stoppa sumar mjög stutt hjá okkur.**

Til okkar í Grófina kemur mikið af börnum og unglingum enda erum við með stóra og fjölbreytta myndasögudeild. Þá vekur athygli að konur eru helmingi fleiri en karlar sem koma og fá bækur," segir Áslaug sem nýtur sín vel í þessu starfi. „Það er frábært að vinna á bókasafni, vera innan um bækur og fólk alla daga, það hentar mér mjög vel. Almenningur er líka yfirleitt mjög jákvæður gagnvart bókasöfnum og fólk kann vel að meta okkur, það er ekki slæmt að vinna á þannig vinnustað. Það er mikið framboð af alls kyns viðburðum, almenningsbókasöfnin bjóða upp á svo miklu meira en útlán í dag. Við erum t.d. með hlaðvarpsstúdíó sem fólk sem á skírteini hjá okkur getur notað án endurgjalds, við bjóðum upp á aðgang að saumavélum, erum með tilraunaverkstæði og útlán á kökuformum svo eitthvað sé nefnt. Um daginn buðum við í fyrsta sinn upp á jólaball fyrir gesti safnsins. Það var mjög vel sótt og afar skemmtilegt. Gæti trúað að það væri viðburður sem væri kominn til að vera."

Úrvalið er á Heimkaup.is


Sendum hvert á land sem er



-27% ~~5.490 kr.~~ **3.990 kr.**



-29% ~~6.990 kr.~~ **4.990 kr.**



-25% ~~4.490 kr.~~ **3.380 kr.**



-20% ~~4.990 kr.~~ **3.990 kr.**




-30% ~~4.990 kr.~~ **3.490 kr.**



-25% ~~8.490 kr.~~ **6.390 kr.**



-25% ~~3.890 kr.~~ **2.930 kr.**



-29% ~~6.990 kr.~~ **4.990 kr.**




-29% ~~6.990 kr.~~ **4.990 kr.**



-25% ~~3.990 kr.~~ **2.990 kr.**



-29% ~~6.990 kr.~~ **4.990 kr.**



-25% ~~6.490 kr.~~ **4.890 kr.**

Kláraðu gjafirnar í einum smelli.

HEIMKAUP.IS

Jól án bóka eru óhugsandi

Bóksala fyrir jólin er komin vel af stað. Salan skiptist frekar jafnt milli barna- og ungmennabóka, fagurbókmennta og fræði- og handbóka. Þetta er metár í útgáfu íslenskra bókmenntverka.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Bryndís segir jólabókasöluna hafa breyst frá því fyrir 20-30 árum. Fólk frestar því síður til Þorláksmessu að kaupa jólagjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bóksalan fyrir þessi jól fór strax vel af stað í nóvember og var umtalsvert betri en í fyrra að sögn Bryndísar Loftsdóttur hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda. „Ég held að ástæðuna megi að einhverju leyti rekja til stóraukinnar skáldverkaútgáfu, hvort sem litið er til barnabóka, skáldverka eða ljóða. Þessi aukna útgáfa hefur svo náð góðri athygli bókaunnenda vegna mikillar umfjöllunar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum," segir hún.

Bryndís bætir því við að íslenskir höfundar séu óhemju duglegir að koma fram og lesa upp úr verkum sínum, jafnt á skipulögðum upplestrarkvöldum sem í heimsóknum hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. „Þannig held ég að íslenskir lesendur eigi í ómetanlegu sambandi við rithöfunda sína, það eflir bæði tryggð og áhuga.

Nú er að vaxa úr grasi ungt fólk sem alist hefur upp við að barnabókahöfundar heimsóttu grunnskóla þeirra fyrir jól, lásu úr bókum sínum og spjölluðu um verk sín. Ég held að þessar kynslóðir tengi vel við jólabókaflóðið," segir Bryndís.

Jólasaga ársins
fyrir börn á öllum aldri



Einstök bók fyrir þá sem vilja kynna sér norrænu goðafræðina og tengingu hennar við náttúruöflin.

Fagurt ævintýri um ást frjósemisguðsins Freys til jötnameyjarinnar Gerðar sem minnir hann á sólina. Í svartasta skammdeginu ræðst þjónn Freys í svaðilför til að biðja Gerðar og færa ljósið inn í líf Freys.

Sagan er sótt í sagnaarf Eddukvæða og bregður birtu á jól heiðinna manna.
Þetta er í fyrsta sinn sem sagan um það þegar ljósið sigrar myrkrið er kynnt íslenskum börnum á skýran og einfaldan hátt.

Bókin er í stóru broti, myndskreytt af litagleði og næmi og skilur eftir sig hlýju við lesturinn.

Höfundur bókarinnar er Jóhanna G. Harðardóttir, Kjalnesingagoði og blaðamaður.
Bókin er myndskreytt af Almari Steini Atlasyni myndlistarmanni.

Arnaldur hefur verið á toppnum frá aldamótum

Arnaldur Indriðason hefur átt mest seldu bók ársins nær óslitið frá aldamótum. Bryndís segir það vera meiri háttar afrek og setja íslensku glæpasöguna á sérstakan stall innan íslenskra skáldverka. „Mér sýnist engin breyting ætla að verða á hans stöðu í ár. Tregasteinn hefur trónað á toppnum frá því að hún kom út. Þau Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson verða svo með næstvinsælustu skáldsögur ársins, engin breyting þar á."

Þar sem þetta er algjört metár í útgáfu íslenskra bókmenntaverka telur Bryndís líklegt að salan dreifist á óvenju marga titla í ár. „Þannig gefa metsölulistar ekki endilega rétta sýn á hlutfall glæpasagna gegn sölu bókmenntaverka, þau eru mun fleiri og heildarsalan gæti því verið meiri þegar upp er staðið," segir Bryndís.

Ævar Þór Benediktsson verður langvinsælasti barnabókahöfundur ársins að sögn Bryndísar. „Hann á ekki bara eina mest seldu barnabókina nú fyrir jólin, Þinn eigin tölvuleikur, því auk hennar hefur hann gefið út fjórar aðrar barnabækur á árinu og þær hafa allar selst mjög vel. Aðrir vinsælir barnabókahöfundar eru Bjarni Fritzson með Orra óstöðvandi, Jón Ólafsson með Leikskólalögin og Birgitta Haukdal með tvær nýjar Lárubækur."

Ef litið er til ævisagna, fræði- og handbóka segir Bryndís forystuna þar ekki jafn afgerandi. Sögur íþróttamanna eru áberandi á metsölulistum ævisagna, Björgvin Páll, Klopp og Sara Björk eru öll ofarlega á ævisagnalistum.

„Mikael Torfason kemur svo úr allt annarri átt með Bréf til mömmu en hann hefur áður sent frá sér tvær metsölubækur í sama flokki og er líklegur til að veita íþróttafólkinu okkar harða keppni."

Útkallsbækurnar seljast vel

Í flokki hand- og fræðibóka eigum við einn allra reyndasta metsöluhöfund íslenskrar bókaútgáfu, Óttar Sveinsson. Útkallsbækur hans, sem nú eru orðnar 26 talsins, hafa frá upphafi verið meðal mest seldu bóka í þessum flokki og svo verður örugglega einnig í ár samkvæmt Bryndísi. „Það er þó ekki víst að hann verði söluhæstur í sínum flokki í ár því bók Andra Snæs, Um tímann og vatnið, hefur náð mikilli samanlagðri sölu það sem af er ári. Það hefur einnig Ketó bók Gunnars Más Sigfússonar og Síldarsaga Páls Baldvins Baldvinssonar, þannig að hver maður sér að þetta er einstaklega víðfeðmur og fjölbreyttur útgáfuflokkur," segir Bryndís.

Hún segir að jólabókasalan hafi breyst mikið frá því fyrir 20-30 árum. „Jólagjafainnkaupin eiga sér stað fyrr en áður. Fyrir aldamót var Þorláksmessudagur alltaf stærsti bóksöludagurinn en ég er ekki viss um að hann sé það lengur. Þá var það einhvers konar þjóðarsport að byrja helst ekki að kaupa jólagjafir fyrr en 2-3 dögum fyrir jól. Þjóðin kepptist á innsoginu við að segjast ekki vera byrjuð á jólagjafainnkaupunum. En nú hefur þetta alveg snúist við þó enn megi finna leifar af þessari gömlu hefð sem þá er fólgin í því að fólk geymir að kaupa síðustu jólagjöfina fram á Þorláksmessu. Jólaadrealínskammturinn hefur sem sagt verið skorinn hressilega niður."

Bryndís heldur að aldrei hafi verið fleiri nýir höfundar að gefa út bók eins og fyrir þessi jól. Hún telur mjög mikilvægt að kaupendur gefi sér tíma til að kynna sér og kaupa verk þeirra. „Það er ótrúlega gaman að eiga fyrsta verk höfundar sem síðar vekur athygli. Ég var einmitt að endurskipuleggja bókahillurnar mínar í gær og fann þá Stórkostlegt líf herra Rósar og fleiri sögur af ótrúlega venjulegu fólki sem kom út árið 2010 og var fyrsta bók Ævars Þórs Benediktssonar. Ég á hana meira að segja áritaða frá honum!" segir Bryndís.

Aðspurð hvort hún geti hugsað sér jól á bóka segir hún það óhugsandi. „Það gengur einfaldlega ekki upp. Væri bara eins og að reyna að taka ó-ið úr jólunum."

nettó

GREIÐSLUR FYRIR ÖLL TILEFNI!



Hárbókin

3.590 kr.

Í þessari glæsilegu og handhægu bók eftir Theodóru Mjöll eru 58 gerðir af greiðslum fyrir alla aldurshópa; fléttur, tögl, hversdagsgreiðslur, letidagsgreiðslur, fermingargreiðslur og fínar uppgreiðslur.

Hér má einnig finna hagnýt ráð um hárumhirðu, hárþvott og hárnæringu, undirbúning hársins fyrir greiðslur og ýmislegt fleira sem kemur að góðu gagni.

Theodóra Mjöll er hárgreiðslukona og vöruhönnuður. Hún er höfundur metsölubókanna Hárið og Lokkar og vinsælla Disney-hárgreiðslubóka.

Rakel Tomas hannaði útlit bókarinnar sem prýdd er ljósmyndum Sögu Sig.

Tilboðsverð gilda 13. - 15. desember



Gerður Kristný rithöfundur er ein þeirra sem lesa upp í kvöld.

Höfundakvöld í Gunnarshúsi

Í kvöld fer fram höfundakvöld í Gunnarshúsi frá klukkan 18-20. Þar munu sex höfundar lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Það eru þær Bergþóra Snæbjörnsdóttir sem les úr skáldsögunni Svínshöfuð, Brynja Hjálmsdóttir les úr ljóðabókinni Okfruman, Gerður Kristný les upp úr ljóðabókinni Heimskaut, Hanna Óladóttir les úr ljóðabókinni Stökkbrigði, Kristín Ómarsdóttir les úr skáldsögunni Svanafólkið og Vigdís Grímsdóttir les úr bókinni Systa: bernskunnar vegna.

Í boði verða léttar veigar og eru allir velkomnir.



Eyrún Ósk les úr ljóðabók sinni Mamma má ég segja þér.

Ljóðakvöld á Norðurbakka

Er nokkuð betra á aðventunni en að hlusta á rithöfunda lesa úr verkum sínum og gæða sér á jólalegum veitingum? Á Norðurbakkanum kaffihúsi verður haldið ljóðakvöld með hafnfirsku skáldunum Birgi Svan Símonarsyni, Eygló Jónsdóttur, Eyrúnu Ósk Jónsdóttur, Símoni Jóni Jóhannssyni og Steinunni Þorsteinsdóttur næstkomandi mánudag 16. desember kl. 20. Skáldin hafa öll getið sér gott orð fyrir verk sín en þau hafa meðal annars sent frá sér skáldsögur, ljóðabækur og leikrit. Skáldin munu lesa úr verkum sínum og spjalla um þau við gesti staðarins. Viðburðurinn er öllum opinn.

Höfundar lesa á Gljúfrasteini

Það er gaman að fara í heimsókn að Gljúfrasteini sem var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans. Á aðventunni koma rithöfundar og lesa upp úr verkum sínum fyrir gesti. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

15. desember klukkan 15.00

- Árni Óskarsson, þýðandi: Vélar eins og ég eftir Ian McEwan
- Dóri DNA: Kokkáll
- Harpa Rún Kristjánsdóttir: Edda
- Soffía Bjarnadóttir: Hunangsveiði

22. desember klukkan 15.00


- Sjón: Korngult hár, grá augu
- Pétur Gunnarsson: HKL Ástarsaga
- Guðrún Eva Mínervudóttir: Aðferðir til að lifa af
- Una Margrét Jónsdóttir: Gullöld revíunnar



Það er virkilega skemmtilegt að heimsækja heimili skáldsins.

ÁRNASYNIR

ÆVISÖGUR ÁRSINS!



VÆNGJAÞYTUR VONARINNAR

MARGRÉT DAGMAR ERICSDÓTTIR

„Þú breyttir lífi mínu. Saga þín eflir mig sem móður og manneskju. Þakka þér fyrir að hjálpa mér að þroskast. Það ert þú sem hefur töfrana. Þú kennir mér svo margt á hverjum degi.“

– Kate Winslet um sögu Margrétar

„Hetjusagan um Margréti; konuna sem barðist fyrir son sinn; opnaði dyr sem allir töldu lokaðar; saga sem snart hjarta mitt; mögnuð og hrífandi. Lestur bókarinnar gerir okkur að betri manneskjum.“

Dorrit Moussaieff um sögu Margrétar


STÖNGIN ÚT

ÆVINTÝRALEGT LÍF HALLDÓRS EINARSSONAR EFTIR MAGNÚS GUÐMUNDSSON

★★★½

„Skemmtilegar sögurnar streyma fram, skemmtileg atvik og ævintýri ... Bókin er léttleikandi eins og maðurinn sem segir frá.“

Sigurður Bogi Sævarsson, Morgunblaðinu



BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

Farmers Market


ICELAND



VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS



Laugavegur 37



Hólmaslóð 2 / Grandi

WWW.FARMERSMARKET.IS

Aðsókn á jólatónleika minni en áður

Nú er sá tími þegar jólalögin óma í öllum helstu sölum landsins. Á undanförnum árum hafa jólatónleikar verið fjölmargir og gestir hafa ekki látið sig vanta. Áhuginn er minni.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari rekur fyrirtækið Rigg viðburði. Sjálfur var hann með jólatónleika í Salnum og um næstu helgi verður hann í Hofi á Akureyri. Friðrik Ómar segist telja að framboð af jólatónleikum í ár sé eitthvað minna en í fyrra. „Aðsóknin hefur kannski náð hámarki undanfarin ár. Hún sveiflast alltaf eitthvað á milli ára og tónleika," segir hann. „Það mætti vissulega færa rök fyrir því að þeir séu of margir. Við finnum fyrir dræmari aðsókn núna en var í fyrra. Hins vegar getur kauphegðun líka sett strik í reikninginn eða að fólk er seinna að taka við sér núna en oft áður," segir hann.

Friðrik Ómar segir að jólatónleikar Baggalúts séu tvímælalaust þeir vinsælustu og hafa verið það á undanförnum árum. „Allt frá því að Frostrósir voru með jólatónleika en þeir voru mjög vinsælir," segir hann.



Jógvan Hansen og Friðrik Ómar verða með jólatónleika á Akureyri um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar hann er spurður hvaða aldur sæki jólatónleika helst, svarar hann. „Á mínum tónleikum er það mest fólk á miðjum aldri enda hef ég beint sjónum mínum að þeim í markaðssetningu minni," segir hann.

Aldurinn ræðst sennilega nokkuð mikið af því hvaða flytjendur eru með tónleikana. „Jólalögin eru alltaf vinsæl og mér finnst alltaf gaman að syngja þau. Það eru auðvitað ekki öll jólalög í uppáhaldi en ég reyni að velja helst skemmtilegu lögin sem fólk hefur gaman af að hlusta á og við að flytja á sviði. Það eru nokkur lög sem fólk býst við að heyra en lög flutt af upprunalegum flytjandanum eru nú alltaf sterkust fyrir áhorfandann, finnst mér," segir Friðrik Ómar sem segir að margt spennandi verði að gerast í tónleikaheiminum á nýju ári.

Fjölmargir jólatónleikar verða haldnir næstu daga og viku um allt land. Þess má geta að Baggalútur er með átján tónleika í heildina. Einungis er uppselt á eina tónleika þeirra samkvæmt miðasölunni á tix.is.





Það hafa selst 69 tegundir af jólabjór í Vínbúðum undanfarið.

Vinsæll jólabjór

Jólabjórinn rennur ljúft ofan í bjórunnendur eins og undanfarin ár og er aukning í sölu frá því á sama tíma í fyrra. Þótt fólk smakki margar tegundir og beri saman bragð og gæði eru alltaf sömu tegundirnar söluhæstar.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að salan á jólabjór hafi aukist um 3,75% á milli ára miðað við tölur í fyrradag.

Í ár hafa selst 69 tegundir af bjór en á sama tíma fyrir ári voru það 65 tegundir. Fólk er því að prófa fleiri tegundir á þessari aðventu enda framboðið fjölbreytt.

Sigrún segir að verðið sé svipað og í fyrra og verð á söluhæstu tegundunum hefur staðið í stað. Eins og oft áður er Tuborg vinsælasti jólabjórinn á Íslandi.

Vinsælustu tegundir jólabjórs í Vínbúðunum

1. **Tuborg Julebryg** (186.488 seldir lítrar)
2. **Viking Jólabjór** (39.788 seldir lítrar)
3. **Jólagull** (26.130 seldir lítrar)
4. **Thule Jólabjór** (24.805 seldir lítrar)
5. **Jóla Kaldi (FL.)** (15.614 seldir lítrar)



Fólk kaupir þó ekki einungis jólabjór þessa dagana. Sumir gefa áfengi í jólagjöf og Sigrún segir að sala á dýrari tegundum, bæði sterku áfengi eins og koníaki og léttvíni sé meiri í desember en í öðrum mánuðum.

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



























by Lassen. Copenhagen

LAKRIDS BY BÜLOW

normann COPENHAGEN

SKAN D•NA VISK

louis poulsen

ROSENDAHL

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Snjómokstur

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógar frá Pronar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir góðan styrk og endingu. Fjöldi stærða í boði. Dæmi: 3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk
Festing frá 47.000 kr. + vsk

PRONAR
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir yfir- vélstjóra á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Sem getur byrja 1. janúar 2020. Uppl. s: 892-5522.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

www.yaakovswell.net

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

www.yaakovswell.net

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið
Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs
Gullnáman

BOLTINN Í BEINNI
LEIKIR HELGARINNAR
LAUGARDAGUR
12:30 Liverpool – Watford
15:00 Chelsea – Bournemouth
SUNNUDAGUR
14:00 Man.Utd. – Everton
16:30 Arsenal – Man.City
Boltatilboð

LIFANDI TÓNLIST



FESTIVAL
Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

SKÖTUVEISLA
Á ÞORLÁKSMESSU
VERÐ 3.900 KR.
1.900 KR. FYRIR 7 -12 ÁRA
FRÍTT 6 ÁRA OG YNGRI



Hið margrómaða
VESTFIRSKA SKÖTUHLAÐBORÐ
FRÁ KL. 11.30 - 15.00 & 18.00 - 21.00
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS

icebreaker® MERINO

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.



Barna Oasis bolur
Verð 6.990 kr.



Barna Oasis leggings
Verð 6.990 kr.



Tech bolur barna
Verð 7.990 kr.



Tech leggings barna
Verð 7.590 kr.



Tech Lite herra
Verð 9.990 kr.



Tech Lite dömu
Verð 9.990 kr.



Oasis Crewe herra
Verð 13.990 kr.



Descender rennd herra
Verð 27.990 kr.



Oasis hálfrennd dömu
Verð 15.990 kr.

Frábærar- og hlýjar jólagjafir



Helix pils
Verð 14.990 kr.



Hanskar fyrir snertiskjá
Verð 5.900 kr.



Anatomica Boxers herra
Verð 6.590 kr.



Siren Tank
Verð 7.590 kr.



Yanni kjóll
Verð 14.990 kr.



Descender rennd dömu
Verð 27.990 kr.



Quantum rennd með hettu herra
Verð 24.990 kr.



Everyday leggings herra og dömu - Verð 11.990 kr.



Everyday Crewe dömu
Verð 11.990 kr.



Everyday hálfrennd herra
Verð 12.990 kr.





Vertex hálfrennd peysa - Verð 19.590 kr.



Vertex leggings - Verð 15.990 kr.



Oasis Crewe dömu - Verð 13.990 kr.



Oasis Crewe herra - Verð 13.990 kr.

100% Merino ull - Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir

Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, buff, nærföt, skyrtur og húfur.

Opnunartími: virka daga 10.00 - 18.00, laugardag 11.00 - 17.00, sunnudag 11.00 - 16.00

Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG·sport

GG-sport
BYKO

Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

13. DESEMBER 2019 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir


1922 Hannes Hafstein, skáld og ráðherra, andast, 61 árs að aldri.

1938 Lög eru sett í Færeyjum þess efnis að öll kennsla í færeyskum skólum skuli fara fram á færeysku.

1947 Tólf mönnum er bjargað við erfiðar aðstæður af breska togaranum Dhoon sem strandaði við Látrabjarg.

1988 Stærsti happdrættisvinningur í sögu Íslands er dreginn út er sjötug kona í Reykjavík hreppir 25 milljóna króna vinning á trompmiða

1996 Fyrsta skóflustungan að Grafarvogslaug er tekin.



1996 **Kofi Annan** er kjörinn aðalritari Sameinuðu þjóðanna.

2002 Stækkun Evrópusambandsins er samþykkt í Kaupmannahöfn. Tíu ný aðildarlönd, Pólland, Slóvenía, Ungverjaland, Malta, Kýpur, Lettland, Eistland, Litháen, Tékkland og Slóvakía, eru samþykkt frá 1. maí 2004.

Kann meira í dag en í gær

Geirlaug Þorvaldsdóttir, leikkona og hótelstjóri á Hótel Holti, lætur ekki óeirðir og verkföll í París stoppa sig í að halda upp á áttræðisafmæli sitt í dag í heimsborginni.

„Ja, ég er úti í París en það er allt í lagi að tala í síma," svarar Geirlaug Þorvaldsdóttir hótelstjóri spurningu um hvernig standi á fyrir henni að vera í smá afmælisviðtali. Geirlaug er áttræð í dag, 13. desember, og er í afmælisferð. „Mér fannst svolítið upplagt að skreppa hingað til Parísar, þó auðvitað sé algert brjálæði að fara út í óeirðir og verkföll. En ég slapp að minnsta kosti við óveðrið heima. Hér var sól og blíða í gær (þriðjudag)." Hún kveðst þekkja borgina sæmilega vel. „Ég bjó hér í gamla daga í heilt ár, svo býr besta vinkona mín úr menntaskóla hér og við höfum það skemmtilegt saman."

Geirlaug kveðst vera hraust og ekki hafa yfir neinu að kvarta. Hún er dóttir athafnahjónanna Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur sem stofnuðu Hótel Holt við Bergstaðastræti, eitt virtasta hótel höfuðborgarinnar. Geirlaug keypti hlut systkina sinna í því árið 2004 og hefur rekið það sjálf frá 2011. Hún kveðst ekkert tíma að selja það í bráð. „Ég kem á hótelið alla daga og ég skipti mér af en ég er með yndislegt starfsfólk, það skiptir öllu máli og er mín gæfa. En þegar maður er með eigin rekstur verður maður að vera vakandi og ég er eiginlega aldrei í fríi, enda ætla ég að koma heim strax eftir afmælið."

Von er á mörgum gestum á Hótel Holt yfir hátíðarnar, að sögn Geirlaugar, og það segir hún að eigi við um mörg önnur hótel. „Við viljum fá gesti til landsins og einhvers staðar verður að vera opið, bæði á hótelum og veitingastöðum. Margir sækjast eftir að dvelja á Íslandi yfir hátíðar, njóta þess að sjá norðurljós og flugelda, það er gaman og líka nauðsynlegt fyrir reksturinn að sem sjaldnast séu dauðir punktar."

Geirlaug er menntuð leikkona en kveðst fyrir löngu hætt í því starfi. „Þegar ég eignaðist mín tvö börn þá fannst þér það skemmtilegasta hlutverkið. En ég var í hálfu starfi sem kennari við Menntaskólann í Hamrahlíð í 34 ár og kenndi latínu, frönsku og þýsku. Mér er MH mjög kær, það var góður vinnustaður."

Þegar ég bið Geirlaugu að senda mér mynd af sér í París, koma smá vöflur á hana fyrst, hún segist ekki vön að senda myndir. Tekur sig svo á. „En ég verð að læra þetta. Maður þarf alltaf að kunna meira í dag en í gær!" **gun@frettabladid.is**



Geirlaugu finnst gaman í París, enda hagvön þar og kveðst vera í góðum félagsskap.



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Kristbjörnsdóttir

frá Birnustöðum,

lést á Sólvöllum, Eyrarbakka, 4. desember. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju, laugardaginn 14. desember kl. 13.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



†

Frændi minn,

Runólfur Ómar Karlsson

Hjúkrunarheimilinu Fellsenda í Dölum,

lést fimmtudaginn 5. desember. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 17. desember klukkan 15.00.

Kári Jónasson



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður ömmu og langömmu,

Sigríðar Mekkínar Þorbjarnardóttur

Breiðagerði 19.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót síðastliðið ár.

Ásgeir Egilsson
Kjartan Egilsson
Unnur Egilsdóttir
Pálmi Egilsson
Sara Sofia Roa Campo
Guðfinna E. Guðmundsdóttir
Þorsteinn Þorsteinsson



†

Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

Hilmar Garðarsson

Dalakri 5, Garðabæ,

er látinn. Útförin fór fram í kyrrþey.

Anna Klara Guðlaugsdóttir
Sigurður H. Garðarsson
Margrét Garðarsdóttir
Þóra Lind Sigurðardóttir
Sigurlaug Finnbogadóttir
Anna Rós Sigurðardóttir
Díana Dögg Sigurðardóttir
og fjölskyldur.



†

Ástkær móðir okkar,

Svanborg Oktavía Karlsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 9. desember. Útför hennar fer fram frá Áskirkju, miðvikudaginn 18. desember klukkan 15.

Ásta Hjartardóttir
Sigrún Lilja Hjartardóttir
Hjörtur Hjartarson
Jón Karlsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Boðahlein 5, Garðabæ,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Bylgjuhrauns á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun.

Sigurður Helgason
María Lovísa Ragnarsdóttir
Helgi Sigurðsson
Sólrún Sigurðardóttir
Sigfús Helgason
Guðmundur F. Sigurðsson
Ágústa Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Elskuleg kona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,

Þuríður Pétursdóttir

Dalseli 17, Reykjavík,

lést 4. desember. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju 16. desember klukkan 15.00.

Skúli Oddsson
Ólafur Pétur Georgsson
Magnús Unnar
Þórunn Skúladóttir
Bergljót Sigurðardóttir
Sigurveig Pétursdóttir
Pétur Eggerz Pétursson
Ýrr Baldursdóttir
Sandra Dís Jónsdóttir
Auður Björk Kvaran
Roine Hultgren
Alda Arnardóttir
og barnabörn.



†

Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Baldurs Sigfússonar

Herjólfsgötu 40.

Starfsfólk 11b og 11c á Landspítalanum fær bestu þakkir og sérstakar þakkir fá Sigrún Reykdal og Ragnheiður Þorkelsdóttir fyrir einstaka umönnun. Þá fær líknarteymi Heru kærar þakkir frá okkur.

Elsa Hanna Ágústsdóttir
Fríða Rut Baldursdóttir
Sigrún Hrönn Baldursdóttir
Ágúst Baldursson
Ásta Lilja Baldursdóttir
Jóhann Ríkharðsson
Ásgrímur Jónas Ísleifsson
Hreiðar Gíslason
afa- og langafabörn.

Ping Pong.is

TUBORG
LÉTTÖL



HEIMSMEISTARAMÓTIÐ Í PÍLUKASTI

13. DESEMBER - 1. JANÚAR

S2 SPORT

Tryggðu þér áskrift **stod2.is** | **1817**

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Norðan og norðaustan 2-8 m/s, en hvassari á stöku stað. Frost 4 til 15 stig, mildast við suðurströndina.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-8 °C | 2	-9 °C | 8	-7 °C | 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-8 °C | 2	-5 °C | 3	-16 °C | 6

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 6	-6 °C | 8	-3 °C | 8
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-5 °C | 2	-7 °C | 9	-10 °C | 10

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-8 °C | 2	-3 °C | 6	-7 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 6	-4 °C | 3	-8 °C | 8

LÉTT

9		3	7				1	
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9						2	
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

MIÐLUNGS

1	5				4		8	
2	3	6	9			1		7
		4			3			
4		2					1	6
	9						5	
	6		7			8		
			2	4		3		
3			5	6			7	
9			3					


ÞUNG

		7				2		
9	6	8				3		
			5	7	9	1		
		3	2			5		
	1	6			5		7	
			4				6	
				9	8	6		
			7		1			
	4							1

Krossgáta

LÁRÉTT
1 Hanga
5 Höfgi
6 Rómversk tala
8 Ljóður
10 Rusl
11 Boð
12 Hró
13 Járna
15 Moðreykur
17 Fetill

LÓÐRÉTT
1 Tonn
2 Kennimark
3 Mjaka
4 Hvers einasta
7 Skrípi
9 Læsast
12 Gælunafn
14 Fikt
16 Væl



LÁRÉTT: 1 slapa, 5 mök, 6 IV, 8 ágalli, 10 ló, 11 orð, 12 skar, 13 skóa, 15 taðsyn, 17 fatli.
LÓÐRÉTT: 1 smalest, 2 logo, 3 aka, 4 allra, 7 viðrini, 9 lokast, 12 sóla, 14 kát, 16 ýl.

Skák

Gunnar Björnsson

Mackenzie átti leik gegn N.N. í London árið 1891.

1. Hxe5+!! dxe5 2. Dxe5+!! Dxe5 3. Bc6+! Hxc6 4. Hd8# 1-0. Guðmundur Kjartansson stóð sig afar vel á móti sem lauk í Barcelona í fyrradag. Í dag hefst þar annað alþjóðlegt mót þar sem Hannes Hlífar Stefánsson teflir einnig. Minnt er á Friðriksmót Landabankans – Íslandsmótið í hraðskák sem fram fer á morgun.

www.skak.is: Friðriksmót Landsbankans

Hvítur á leik



6	1	8	3	2	4	9	5	7
9	4	7	1	5	6	2	3	8
2	3	5	7	8	9	1	4	6
4	2	3	5	9	8	6	7	1
7	5	9	6	1	3	8	2	4
8	6	1	4	7	2	3	9	5
5	7	2	8	3	1	4	6	9
3	8	6	9	4	7	5	1	2
1	9	4	2	6	5	7	8	3

6	7	4	9	3	8	1	2	5
1	8	3	2	6	5	7	9	4
2	9	5	7	4	1	6	8	3
4	2	8	1	7	3	9	5	6
5	1	6	8	9	4	3	7	2
7	3	9	5	2	6	8	4	1
8	4	1	3	5	7	2	6	9
9	6	7	4	1	2	5	3	8
3	5	2	6	8	9	4	1	7

7	9	1	6	3	5	8	4	2
8	2	5	1	7	4	3	9	6
6	3	4	8	9	2	1	5	7
9	6	7	2	8	1	4	3	5
1	5	3	4	6	7	9	2	8
2	4	8	9	5	3	6	7	1
3	8	2	5	4	6	7	1	9
4	1	6	7	2	9	5	8	3
5	7	9	3	1	8	2	6	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið



Jól við rætur eldfjallsins

Skáldið og bóndinn **Harpa Rún Kristjánsdóttir** býr við Heklurætur og segir textaskrif og bústörf fara vel saman.

Var álitinn með þroskaskerðingu en útskrifaðist úr menntaskóla með ágætiseinkunn



Þorkell Þorsteinsson, alltaf kallaður Keli, var álitinn vera með mikla þroskaskerðingu sjö ára gamall. Nú er hann orðinn 22 ára og býr með fjölskyldu sinni í Bandaríkjunum. Hann er útskrifaður úr menntaskóla með ágætiseinkunn og semur tónlist.

Ekki vanmeta þögn Grænlendings



Ævi **Stefáns Hrafns Magnúsarsonar** hreindýrabónda hefur verið ævintýri líkust. Hann hefur búið í fjóra áratugi vestast á Suður-Grænlandi á bújörðinni Isortoq og því fengið að upplifa ótrúlegar breytingar sem hafa orðið á náttúru og mannlífi landsins.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

ENGIN JÓL ÁN ARNALDAR

★★★★★


„*Tregasteinn* er snilld ... enn eitt meistarastykki Arnaldar.“

SG / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„Einstaklega vel gerð og minnisstæð glæpasaga um óblíð örlög.“

KB / FRÉTTABLAÐIÐ



1 BÓKSÖLU LISTINN
Aðallisti
2. - 8. des.

1.
Metsölulisti Eymundsson
AÐALLISTI
VIKA 4.-10. DES

Áhrifamikil og óvægin saga um skömm og örvæntingu, eftirsjá og langvarandi bergmál illra verka.

Innbundin | Rafbók | Hljóðbók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á **www.forlagid.is**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Wellington

Innbökuð íslensk nautalund



Nýtt í Bónus

Aðeins

5.998 kr./kg.

Íslandsnaut Wellington Nautalund
Íslensk, frosin

Opnunartími
Bónus um helgina

Föstudagur,	13. des.	**10:00-19:00**
Laugardagur,	14. des.	**10:00-19:00**
Sunnudagur,	15. des.	**10:00-18:00**

Fulleldað
Aðeins að hita

1kg



BÆTTU VIÐ ÞÍNU UPPÁHALDS SJÁVAR-FANGI

Nýtt í Bónus

1.598 kr./stk.

Bónus Humarsúpa
Fullelduð, 1 kg



198 kr./pk.

Rauðkál Skorið
400 g, Holland



159 kr./kg

Rauðkál
Holland

GOTT Í GLERI



139 kr./330 ml

Coca-Cola í gleri
venjulegt og Zero, 330 ml



129 kr./330 ml

Staropramen Léttöl
330 ml



159 kr./330 ml

Egils Malt og Appelsín
330 ml



139 kr./300 ml

Pepsi og Pepsi Max
300 ml



139 kr./275 ml

Egils Appelsín
275 ml



169 kr./330 ml

Egils Malt
330 ml

Verð gildir til og með **15. desember** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VINSÆLASTI
Hamborgarhryggurinn í Bónus




1.398 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
Með beini



1.795 kr./kg

ALI Hamborgarhryggur
Með beini



2.095 kr./kg

ALI Hamborgarhryggur
Úrbeinaður

Úrbeinaður



1.798 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
Úrbeinaður

NORÐLENSKT
Hangikjöt



2.379 kr./kg

Fjalla Hangiframpartur
Úrbeinaður



2.698 kr./kg

Fjalla Hangilæri
Úrbeinað



2.998 kr./kg

ÍL Hátíðar Hangikjöt
Birkireykt, úrbeinað

KJARNAFÆÐI



1.879 kr./kg

Kjarnafæði Hangilæri
Kofareykt, með beini

VINSÆLASTA
Hangikjötið í Bónus



2.198 kr./kg

KF Hangiframpartur
Kofareyktur, úrbeinaður



3.198 kr./kg

Kjarnafæði Hangilæri
Kofareykt, úrbeinað

LÉTTREYKTUR
Lambahryggur



2.695 kr./kg

Kjarnafæði Lambahryggur
Léttreyktur

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

13. DESEMBER 2019

Hvað? Fjórða iðnbyltingin
Hvenær? 12.10 - 13.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík, stofa M101
Opinn fyrirlestur með Ólafi Andra Ragnarssyni, aðjúnkt við tölvunarfræðideild HR. Boðið upp á léttar veitingar.

Hvað? Höfundakvöld
Hvenær? 18.00
Hvar? Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Höfundarnir Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Brynja Hjálmsdóttir, Gerður Kristný, Hanna Óladóttir, Kristín Ómarsdóttir og Vigdís Grímsdóttir lesa úr bókum sínum. Léttar veigar í boði. Allir velkomnir.

Hvað? Jólaseiður
Hvenær? 18.30
Hvar? Portið bak við Brynju, Laugavegi 29
Herlegheitin hefjast með ljúfum tónum, heitum drykkjum og rjúkandi súpu. Klukkan 20.00 er farið í Dead Gallery og sköpuð notaleg baðstofustemning. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Hvað? Jólatónleikar Óháða kórsins
Hvenær? 20.00
Hvar? Kirkja Óháða safnaðarins
Kórinn flytur, ásamt hljómsveit, plötuna Hátíð fer að höndum ein með Þremur á palli í heild sinni ásamt fleiri jólalögum.



Halldór Bjarki, Sigríður Ósk, Eyjólfur og Sigurður Halldórsson.

Hvað? Nú skal leika á langspilið veika
Hvenær? 20.00
Hvar? Ásmundarsalur, Freyjugötu 41
Barokkhópurinn Symphonia Angelica flytur forna söngva og jólalög. Í honum eru Halldór Bjarki, Sigríður Ósk, Eyjólfur Eyjólfsson og Sigurður Halldórsson.

Hvað? Tangó praktika og milonga
Hvenær? 21.00 -24.00
Hvar? Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentínskur tangó dunar. Dj er Laura og gestgjafar Jóhanna&Hallur. Opni tíminn ókeypis, milongan 1.000 kr.

Hvað? Una Stef & the SP74 í jólastuði
Hvenær? 21.00
Hvar? Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloft, Hörpu
Ásamt Unu koma fram, Elvar Bragi Kristjónsson trompet/flugelhorn, Sólveig Morávek saxófónn/flauta, Daníel Helgason gítar, Baldur Kristjánsson bassi og Sólrún Mjöll Kjartansdóttir trommur.

Mikilvægt að sýna efninu virðingu

Bergþóra Snæbjörnsdóttir hefur hlotið mikið lof fyrir skáldsögu sína Svínshöfuð, sem er tilefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Er annt um aðalpersónu sína.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Bergþóra Snæbjörnsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna fyrir fyrstu skáldsögu sína Svínshöfuð. Bóksalar völdu bókina síðan bestu skáldsögu ársins. „Ég er afskaplega glöð og þakklát," segir Bergþóra, sem er þó ekki óvön góðum viðtökum því ljóðabók hennar Flórída, sem kom út árið 2017, var bæði tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna.

Skáldsagan Svínshöfuð spannar áratugi og gerist á eyju á Breiðafirði, í Kína og í Kópavogi. „Ég ætlaði að skrifa stutt og einfalt verk með afmörkuðu sögusviði," segir Bergþóra. „Ég var í Stykkishólmi sumarlangt þegar ég var að vinna söguna og þá fóru sögur úr eyjunum að leita á mig. Sagan varð svona, það bara gerðist sjálfkrafa og var á köflum yfirþyrmandi. Seinna áttaði ég mig á því að ég þurfti að fara svona langt aftur í fortíðina til að geta fjallað um samtímann, til þess að skýra gjörðir persónanna í nútímanum. Ekkert okkar er ósnortið af reynslu fyrri kynslóða."

Í sporum eldri manns

Hún segist hafa lagst í mikla heimildavinnu við gerð skáldsögunnar. „Mér finnst svo mikilvægt að sýna efninu virðingu sem maður skrifar um af því maður er að eigna sér reynslu annarra. Það getur truflað fólk við lesturinn ef það rekst á



Bergþóra er ein af stjörnum þessarar jólabókavertíðar því bók hennar, Svínshöfuð, er að slá í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **ÞETTA ER PERSÓNA SEM ER AÐ HLUTA TIL Í ÖLLUM EN ER UM LEIÐ LÍKA EINHVER SEM ALLIR ÞEKKJA, ALLAVEGA EINHVERJA ÚTGÁFU AF HONUM.**

hluti sem það veit að eru ekki réttir. Ég varð til dæmis að vera með það á hreinu hvað var notað til að beita með. Sjómenn sem læsu bókina myndu fussa og sveia færi ég rangt með það."

Aðalpersóna bókarinnar er Svínshöfuð, eldri maður sem er alls ekki á allan hátt geðugur en gagnrýnendur eru sammála um að persónusköpun hans sé afar vel heppnuð. „Mér fannst mjög skemmtilegt að setja mig í spor eldri íslensks manns sem er nokkuð utangarðs í samfélaginu," segir Bergþóra. „Mér þykir mjög vænt um hann. Þetta er persóna sem er að hluta til í öllum en er um leið líka einhver sem allir þekkja, allavega einhverja útgáfu af honum. Ég er alin upp í sveit og hef hlustað á eldri menn tala mikið saman og þá gassalega. Ýmislegt í tali Svínshöfuðs kemur kannski þaðan."

Er að vinna að skáldsögu

Bókin er mjög vel stíluð og Bergþóra segir að hún hafi lagt upp úr því. „Ég er fullkomunarsinni. Mér finnst erfitt að skila af mér texta sem ég hef ekki legið yfir. Mér fannst reyndar erfitt að skila þessum texta af mér. Ég hefði alveg getað haldið áfram að vinna bókina nokkur ár," segir hún. Aðspurð segist hún vera að leggja drög að næsta verkefni sem er skáldsaga.

Skrímslinu hafnað í Hallgrímskirkju

TÓNLIST
★★★★☆

Händel: Messías
Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju.
Hallgrímskirkja
laugardaginn 7. desember

Einsöngvarar: Herdís Anna Jónasdóttir, David Erler, Martin Vanberg og Jóhann Kristinsson. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Í óratóríunni sívinsælu, Messíasi eftir Händel, sem flutt var á laugardagskvöldið í Hallgrímskirkju, er meðal annars sungið: „Wonderful... the Mighty God." Ef óratórían hefði verið sett upp á síðari hluta nítjándu aldar, hefði allt eins mátt syngja: „Wonderful ... the Mighty Godzilla."

Händel samdi meistaraverkið árið 1741 í London. Á næstu hundrað árum urðu uppfærslurnar æ voldugri þar til fytjendur voru orðnir um 3.000 talsins. Erfitt er að ímynda sér slíkan óskapnað. Á tónleikunum í Hallgrímskirkju voru aðeins um sjötíu flytjendur, þar af fimmtíu manna kór, og það var alveg nóg.

Tónleikarnir voru prýðilega heppnaðir. Einsöngvararnir voru frábærir. Herdís Anna Jónasdóttir sópran var björt og yfirveguð.



Herdís og Jóhann með stjórnandanum Herði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

David Erler kontratenór líflegur og tæknilega pottþéttur, sömu sögu er að segja um Martin Vanberg tenór og Jóhann Kristinsson bassa. Þar var allt á hreinu.

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju var að vísu stundum dálítið ósamtaka, sérstaklega í byrjun. Hún gerði þó margt vel. Hin svokallaða Sveitasinfónía (Pastoral Symphony), sem er millispil til að skapa stemningu fyrir frásögn af því þegar hirðarnir eru að gæta fjárins og engill vitrast þeim, var fallega spiluð. Hún var gædd viðeigandi mýkt og andrúmsloftið var hæfilega draumkennt.

Margt fleira mætti nefna, eins og trompetleikinn víða í verkinu, en hann var skær og glæsilegur, þótt leikið væri á barokktrompet, sem er takkalaus. Slíkt hljóðfæri er mun vandasamara í meðförum en nútímagerðin.

Almennt talað var hljómurinn í sveitinni notalega fíngerður, hið tignarlega í músíkinni var vissulega til staðar, en það var smekklega útfært. Því var aldrei troðið ofan í kokið á áheyrandanum eins og 3.000 manna skrímslauppfærsla hlýtur að gera.

Hljómsveitin rann ágætlega saman við söng Mótettukórsins, og heildaráferðin var breið og safarík. Mismunandi raddir kórs og hljómsveitar voru í góðu jafnvægi undir stjórn Harðar Áskelssonar. Í heild var túlkunin óvanalega sannfærandi. Hófsamur hljómurinn í hljómsveitinni og tilfinningahlaðinn kór- og einsöngurinn sköpuðu réttar andstæður. Flæðið í tónlistinni var óheft og spennandi. Sífellt var eitthvað að gerast í tónmálinu sem gladdi eyrað. Útkoman var mögnuð.

Hallelúja!

Hallelúja-kaflinn, sá frægasti í verkinu, olli ekki vonbrigðum. Hann var þrunginn gleði og andakt í meðförum Mótettukórsins, afar kraftmikill og glæsilegur. Helmingur tónleikagesta stóð þá á fætur; hvaðan sú venja kemur er ekki á hreinu. Satt best að segja er þetta augnablik í Messíasi alltaf hálf vandræðalegt. Sumum finnst það við hæfi að stökkva á fætur þegar himnarnir opnast í tónlistinni, en öðrum þykir það barnalegt. Útkoman er undarleg togstreita á meðal áheyrenda og ekki laust við að maður fyndi fyrir henni þarna. Að öðru leyti voru þetta skemmtilegir tónleikar og án efa með betri útgáfum á Messíasi hér á landi.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Flutningurinn var lifandi og fullur af stórfenglegum tilþrifum.

ILVA

LJÓSADAGAR

12. - 23. DESEMBER

PEARL loftljós með 4 reyklituðum kúplum.
26.995 kr. Nú 21.596 kr.

20-40%

AF ÖLLUM LJÓSUM

PERUM OG KERTUM

VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN -

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsingu ef villur.



25-30%

AF ÖLLUM RÚMFÖTUM, SÆNGUM OG KODDUM

SÖDAHL CHIC sængurver. 140x200/60x63 cm. 12.995 kr. Nú 9.097 kr.



30-60%

AF ÖLLUM MOTTUM

NATALE grá kelim motta. 160x230 cm. 89.900 kr. Nú 62.930 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
föstudag 11-18:30, Jólaopnun frá 14. desember: Virkir dagar 11-20 og helgar 12-20

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

08.20 HM kvenna í handbolta Bein útsending frá leik í undanúrslitum á HM kvenna í handbolta.
10.05 Eldhugar íþróttanna George Best Heimildarþættir um framúrskarandi íþróttamenn sem hafa einnig hlotið frægð fyrir geislandi framkomu og töfrandi persónuleika. Í hverjum þætti fáum við að kynnast nýjum íþróttamanni sem hefur sett svip sinn á samfélagið allt. e.
10.35 Íþróttaafrek sögunnar Endurkoma Liverpool og Ólympíuleikarnir í Mexíkó 1968
11.00 Íþróttaafrek Karlalandsliðið í handbolta
11.20 HM kvenna í handbolta Bein útsending frá leik í undanúrslitum á HM kvenna í handbolta.
13.05 Kastljós
13.20 Menningin
13.30 Gettu betur 1989 MH - FSu
14.15 Stöðvarvík
14.40 Séra Brown
15.25 Söngvaskáld Ólöf Arnalds Ólöf Arnalds flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Ólöf er ung og bráðefnileg tónlistarkona sem gaf út sína fyrstu plötu, Við og við, í fyrravetur. Hún spilar á fjöldann allan af hljóðfærum og hefur, auk þess að flytja sína eigin tónlist, komið fram á tónleikum með ýmsum tónlistarmönnum.
16.15 Á götunni – Í aðdraganda jólanna Karl Johan
16.45 Fyrir alla muni Orðurnar okkar Í þessum þætti er fjallað um íslenskar orður og sögurnar á bak við þær. Íslensk heiðursmerki og orður hafa verið afhent frá 1836 og að baki hverju þeirra eru merkilegar sögur og hefðir. Í þættinum fjöllum við sérstaklega um merki sem er kallað heiðursmerki endurreisnar lýðveldisins. Orðan er sögð vera úr gulli – en er allt sem sýnist?
17.10 Landinn
17.40 Táknmálsfréttir
17.51 KrakkaRÚV
17.52 Jólasveinarnir Giljagaur
18.01 Jóladagatalið. Jólakóngurinn
18.23 Jólamolar KrakkaRÚV
18.40 Krakkavikan
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Kappsmál Jólaþáttur
20.35 Vikan með Gísla Marteini
21.20 Séra Brown - Jólaráðgáta
22.20 The Night Before – Síðasta jóladjammið Jólagamanmynd um þrjá æskuvini sem hafa í fjölda ára hist á aðfangadagskvöld og slett úr klaufunum.
00.00 Jólagleði Walliams og vinar Walliams & Friend Christmas Special
00.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 TOTO Japan Classic Útsending frá TOTO Japan Classic á LPGA mótaröðinni.
09.50 Spanish Ladies Open Útsending frá Spanish Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
12.50 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA mótunum.
13.45 Presidents Cup Útsending frá Presidents Cup 2019.
18.45 Golfing World
19.35 Inside the PGA Tour Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
20.00 Presidents Cup Bein útsending frá Presidents Cup 2019.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Family Guy
14.15 The Voice US
15.00 Top Chef
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 Will and Grace
19.45 Man with a Plan
20.10 The Voice US
21.40 The To Do List
23.20 The Late Late Show
00.05 Killer
01.45 The First
02.35 Mayans M.C.
03.35 Kidding
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Skyndibitinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Nýleg sálartónlist
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan. Hús úr húsi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.25 Snowden
12.35 Lego. The Adventures of Clutch Powers
14.00 Lost in Translation
15.40 Snowden
17.50 Lego. The Adventures of Clutch Powers
19.15 Lost in Translation
21.00 Due Date
22.40 Hunter Killer
00.40 The Falling
02.25 Due Date

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.25 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Famous In love
10.10 The New Girl
10.30 Planet Child
11.20 Jamie's Quick and Easy Food
11.45 Fósturbörn
12.05 Atvinnumennirnir okkar
12.35 Nágrannar
13.00 The Family Stone
14.40 Ronja ræningjadóttir
16.45 Margra barna mæður
17.20 Stelpurnar
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Allir geta dansað
21.00 Aðventumolar Árna í Árdal
21.10 Bad Santa 2
22.45 Blumhouse's Truth or Dare
00.30 Searching
02.10 Loving Pablo
04.10 The Darkest Minds Spennutryllir frá 2018 frá framleiðendum Stranger Things og Arrival. Eftir að dularfullur sjúkdómur sem lagðist eingöngu á börn þurrkaði út 98% fólks undir átján ára aldri ákváðu ríkisstjórnir heimsins að smala þeim sem lifðu faraldurinn af í einangrunarbúðir.

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Kevin Can Wait
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 The Simpsons
21.15 American Dad
21.40 Shrill
22.10 Euphoria
23.05 Lýðveldið
23.25 Modern Family
23.50 Kevin Can Wait
00.15 Friends
00.40 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.15 West Brom - Swansea
08.55 Partizan Belgrad - Astana
10.35 Standard Liege - Arsenal
12.15 FC Kaupmannah. - Malmö
13.55 Manch. United - AZ Alkmaar
15.35 KR - Valur Útsending frá leik í Dominos deild karla.
17.15 Búrið
17.50 La Liga Report
18.20 Haukar - Stjarnan Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
20.10 Þór Þ. - Keflavík Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
22.10 Dominos Körfuboltakvöld karla
23.50 Evrópudeildarmörkin
00.40 UFC Connected 2019
01.05 Charlton - Hull City

STÖÐ 2 SPORT 2

15.50 New England Patriots - Kansas City Chiefs
18.10 Evrópudeildarmörkin
19.00 HM í pílukasti Bein útsending frá Heimsmeistaramótinu í pílukasti.

STÖÐ 2 SPORT 3

19.40 Charlton - Hull City Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

STÖÐ 2 SPORT 4

17.00 PGA Tour Bein útsending frá QBE Shootout á PGA mótaröðinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

SR
STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR KYNNIR:
GULL ÖLD SVEIFLUNNAR
NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG
5. JANÚAR KL. 20.00
GESTASÖNGVARAR:
KK
Stína Ágústsdóttir
Björgvin Franz Gíslason
STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason

LEYNIST ÚLPA Í JÓLAPAKKANUM ÞÍNUM?

Frábært úrval af hágæða úlpum

The North Face Arctic Parka II
fyrir konur (einnig til í svörtu)

Verð 69.990 kr.



Gerviskinn sem hægt er að renna af

Hægt að renna hettu af

Vatnsheldir saumar

DryVent öndunar- og vatnsvarnarfilma

Vottaður dúnn Responsible Down Standard RDS

550 Dúnfylling

Fylgstu með jóladagatali Útilífs á Instagram



Verð 47.990 kr.

The North Face Nevero Down
fyrir karla og konur
(einnig til í svörtu)



Verð 47.990 kr.

The North Face Nevero Down
fyrir konur



Verð 39.990 kr.

The North Face Saikuru
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)



Verð 32.990 kr.

The North Face Thermoball
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)



Verð 69.990 kr.

The North Face Mcmurdo
fyrir karla
(einnig til í svörtu)

THE NORTH FACE

ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

Lesið til gagns og gamans með ofurhetjum



Íslenskumælandi ofurhetjur hafa verið frekar til fjörsins á þessu ári í metnaðarfullum útgáfum sem vonir eru bundnar við að muni ekki síst glæða áhuga ungra drengja á því að lesa sér til gagns og gamans.

Verslunin Nexus reið á vaðið í desember í fyrra með útgáfu á sérvöldum sögum frá DC Comics um ævintýri Leðurblökunnar og Glóbrystings, eða Batman og Robin, eins og þeir heita á frummálinu.

Keppinautar DC frá Marvel lágu ekki lengi, mállausir á íslenska tungu, hjá garði þar sem DP-IN gaf X-Men og Hulk út á íslensku í sumar og sveiflaði hinum ótrúlega Spider-Man inn á sviðið í byrjun desember.

„Fyrsta árið hefur verið lærdómsríkt og gengið vonum framar, ekki síst vegna þess mikla fjölda foreldra sem hefur lýst ánægju með ritröðina," segir Pétur Ingvi Leósson, sem ritstýrir, heldur utan um og handvelur þær Batman-sögur sem Nexus gefur út á íslensku.

Skuggalegur kennari

„Nokkrir hafa meira að segja sagt mér að Blakan sé það eina sem synir þeirra lesi á íslensku. Skikkjukæddi glæpabaninn er margræður og hnyttinn í tilsvörum og það er hið besta mál ef komandi kynslóðir verði færar um að tjá sig á jafn blæbrigðaríkan hátt og sjálfur Leðurblökumaðurinn."

Myndasögur eru þar fyrir utan bókmenntir þess eðlis að þær ýta undir texta- og myndlæsi en það síðarnefnda er ekki síður mikilvægt á öld myndrænnar framsetningar.

„Blökurnar hafa verið notaðar við lestrarkennslu og fengið lofsamleg ummæli grunnskólakennara. Þær eru einnig vinsælar á bókasöfnum," heldur Pétur áfram þegar hann ræðir þessar bókmenntir sem ef til vill má kalla Gagn og gaman nýrrar aldar.

Íslenskur þeyttur rjómi

Pétur Yngvi stjórnaði myndasögudeild Nexus í árdaga og þeir eru vandfundnir á landi hér sem búa yfir jafn djúpstæðri og yfirgripsmikilli þekkingu á myndasögum og vonast til þess að geta haldið áfram að fleyta og þeyta á íslensku rjómann af því sem átta áratuga útgáfusaga Leðurblökumannsins hefur að geyma.

„Þetta er langtímaverkefni sem er reglulega endurmetið," segir Pétur sem náði að ljúka tveimur sígildum Batman-sögum á árinu sem er að líða. „Í Blöku #9, sem kemur til landsins í næstu viku, hefst saga eftir myndasögugoðið Grant Morrison.

Morrison logar af áhuga á Leðurblökumanninum og kallar upprunalegu söguna um Ra's al Ghul eina af merkustu sögum Leðurblökumannsins. Ekki bara á meðal þeirra sem hann las í æsku heldur af öllum þeim myndasögum sem hann hefur lesið á lífsleiðinni."

Ragarökin eru að byrja

Pétur segir takmark Morrisons hafa verið að skapa einhvers konar Godfather III Leðurblökumannsins og hina endanlegu sögu af illskunni sem leynist bak við tjöldin. „Vegna þess að þegar hann lítur yfir sögu Leðurblökumannsins í gegnum áratugina sér hann að sögur Blökunnar hafa alltaf snúist um illmennið sem starfar í skjóli skugga og myrkurs."

Útkoman hjá höfundinum varð það sem Pétur lýsir sem spennandi ráðgátu um ófyrirsjáanlegt illmenni. „Þetta eru Ragnarökin í lokakafla ævisögu Bruce Wayne og að mínu mati áhugaverðasta ofurhetjusaga 21. aldarinnar," segir Pétur um öll þau ósköp sem hefjast í væntanlega síðasta hefti Blökunnar á þessu ári. „Sagan byrjar með upprunalegu sögunni um son Leðurblökumannsins en við sögu koma einnig Jókerinn, Hrellirinn, Mannblakan og Damien Wayne."

Krúnudjásnið dökka

Pétur bendir á að á 80 árum hafi Leðurblökumaðurinn laðað til sín fleiri úrvalshöfunda og teiknara en nokkur önnur myndasögupersóna og íslenska ritröðin sem hann stýrir sé í ljósi þess tileinkuð „áhugaverðustu sögunum um Blökuna, krúnudjásn myndasöguheimsins".

Þannig er enn af nógu að taka þótt hann hafi komið „tveimur merkustu framhaldssögunum um Leðurblökumanninn" út í fyrstu sjö heftum Blökunnar.

„Sú fyrri, Ugluréttur, er mest selda Blökusaga þessa áratugar og fjallar um leynireglu sem er sögð hafa stýrt Gotham-borg á bak við tjöldin í rúma öld. Þessi saga er sögð í heild í Blökuheftum #1-6 sem fást nú öll saman í gjafaöskju."

Hin sagan er um illmennið Ra's al Ghul, sem hefur löngum verið Pétri og fleirum, til dæmis leikstjóranum Christopher Nolan, hugleikinn. „Þetta er upprunalega sagan um Ra's al Ghul, eftir fyrrverandi blaðamanninn Denny O'Neil sem byrjaði að skrifa Blökusögur árið 1970."

Í greipum óttans

Pétur segir að í þá daga hafi íbúar á Manhattan verið í greipum óttans eftir hrinu ofbeldisverka „og blaðamanninum var efst í huga að beina sjónum myndasögunnar að heiminum fyrir utan gluggann með því að skrifa skáldskap með aðferðum blaðamennsku og flétta saman við ofurhetjusögur hasarblaðanna.

Útkoman var spennandi ráðgáta um voldugasta fjandmann myrka krossfarans, hinn dularfulla Ra's al Ghul, stofnanda Launmorðingjareglunnar."

Illmenni í Öræfasveit

Pétur segir frumtextann einna helst minna á runu ljóðrænna og grípandi fyrirsagna og að hann og félagar hans hafi því lagt ómælda vinnu í að íslensku þýðinguna, bæði útlit og innihald textans.

Leiðir Blökunnar og Ra's al Ghul hafa áður legið til Íslands þótt þeir hafi ekki talað tungumálið þegar þeir tókust hér á 2004. „Rúmum 30 árum eftir að Ra's leit fyrst dagsins ljós hófst kvikmyndaleikstjórinn Christopher Nolan handa við að kvikmynda sögu hans hér á Íslandi," segir Pétur og er kominn í stellingar samtímasögumanns.

„Liam Neeson lék Ra's og Launmorðingjaklaustrið hans, sem á að vera í Himalajafjöllunum í Tíbet, var í Batman Begins sviðsett við rætur Svínafellsjökuls í Öræfasveit.

En þrátt fyrir að Nolan teldi að sagan skipti goðsögn Leðurblökumannsins mjög miklu máli hafa þau tíu blöð sem mynda upprunalegu ráðgátuna um Ra's al Ghul, aldrei í sögu DC Comics verið endurprentuð í útgáfu þar sem allir hlutarnir birtast merktir og númeraðir í réttri lesröð, fyrr en nú og aðeins á íslensku."

toti@frettabladid.is





RBA til bjargar í PISA-krísu

Þegar í harðbakkann slær fyrir alvöru í myndasöguheimi Marvel snúa helstu hetjurnar þar bökum saman sem Hefnendurnir (The Avengers) og sömu lögmál gilda vitaskuld í DC-heiminum þar sem Leðurblökumaðurinn starfar stundum með nánast guðlegum ofurmennum þess heims undir merkjum The Justice League of America, sem hefur í íslenskri útgáfu Nexus fengið hið tilkomumikla nafn Réttlætisbandalag Ameríku (RBA).

Pétur Yngvi og félagar hjá Nexus laumuðu, meðfram Blöku-bókunum, í haust út 320 blaðsíðna doðranti, um þetta ofurbandalag og þótt blaðsíðurnar séu margar segist hann ekki geta hugsað sér öflugri neyðaraðstoð í þeim lesskilningsvanda sem PISA hefur enn og aftur nuddað Íslendingum upp úr.

„Ég starfaði í myndasögudeild Nexus í tíu ár og ég get ekki hugsað mér neitt heppilegra til þess að vekja lestraráhuga en Réttlætisbandalag Ameríku eftir Grant Morrison þar sem hvergi er dauðan punkt að finna," segir Pétur Yngvi, myndasöguritstjóri hjá Nexus.

„Bókin inniheldur 320 síður af þrotlausum hasar! Þar sem PISA-fallistinn fær að kynnast frumkrafti hasarblaðsins af fullum þunga og engar refjar!" segir Pétur ákafur og vísar í rannsókn sem kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri gerði á því hvernig auka megi áhuga nemenda á lestri. „Og hvaða leiðir væru færar til að efla orðaforða þeirra með það markmið að þau læri orð sem nýtast í námi og auki færni þeirra til blæbrigðaríkrar tjáningar."

„Þegar hættulegustu ógnir steðja að mannkyninu skipar RBA sér í fremstu víglínu til varnar jörðinni," segir Pétur og víkur talinu aftur að bókinni þykku. „Þarna stigmagnast ógnin með hverjum kafla en strax á fyrstu síðu hefst innrás utan úr geimi og í miðri bók byrjar hnattræn rimma við illa andann Asmódeus," segir Pétur og kemur með dálítinn viðbótarfróðleik um Asmódeus.

„Hann er nefndur á nafn í Tóbítsbók en elstu útgáfur hennar eru hluti af Dauðahafshandritunum sem fundust um miðja síðustu öld og eru varðveitt í Ísrael," segir Pétur og víkur aftur að goðsagnahetjum vorra tíma.

„Justice League of America, eða JLA, hóf göngu sína, sem mánaðarlegt hasarblað, árið 1997. RBA fór rakleitt á topp tíu sölulista myndasöguverslana vestanhafs og hélst þar á meðan Morrison var höfundur.

Síðan þá hafa sögur hans verið gefnar út í safnbókum sem seljast enn, enda óumdeilanlega langbesta sagan um Réttlætisbandalagið og ein af allra bestu Batman-sögum í langri útgáfusögu hans. – þþ



OPIÐ HÚS

ATVINNU- OG IÐNAÐARHÚSNÆÐI

BRÚARFLJÓT 2, MOSFELLSBÆ, ÁFANGI I

LAUGARDAGINN 14. DESEMBER, KLUKKAN 13:00 - 14:00

Eitt vandaðasta atvinnu- og iðnaðarhúsnæði landsins verður sýnt laugardaginn 14. desember

Þrjú hús, margar stærðir (59,5 fm, 119 fm, 127,5 fm,131 fm og 141 fm)

Steinsteyptir veggir úr einingum frá BM Vallá með 7 cm veðurkápu með dökkri völun.

Malbikuð plön, rúm sameign og mikil lofthæð.

Stórar rafdrifnar iðnaðarhurðir (2,7 m x 2,5 m eða 4,2 m x 4,0 m).

Fullfrágengið, val um milliloft, 50% afsláttur af gatnagerðagjöldum millilofta.

Kveðja



Hrannar Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 0720

Við seljum fasteignir

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Hlíðasmára 4 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - hrannar@domusnova.is - www.domusnova.is

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

VINNINGASKRÁ

Hausthappdrætti 2019. Dregið 9. desember 2019

1. vinningur:
Toyota Corolla Touring Sports Hybrid Active sjálfskiptur
Verðmæti: 4.690.000 kr. Miði nr. 36469

2. vinningur:
Toyota Corolla Sedan Hybrid Active sjálfskiptur, 4 dyra
Verðmæti: 4.670.000 kr. Miði nr. 38526

3. vinningur:
Toyota Corolla Hatchback Hybrid Active sjálfskiptur
Verðmæti: 4.570.000 kr. Miði nr. 35612

4. - 33. vinningur:
Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000

3967	30110	77179	105645	122681
13420	34723	94074	108304	128735
23411	35249	95850	111955	128904
24304	41665	99261	116510	129603
28606	45792	100141	117925	141740
29428	76213	105099	122495	142066

34. - 93. vinningur:
Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000

381	20306	65295	102696	131722
2164	23590	66122	103535	132996
3574	27068	68997	103582	135584
4330	35238	79129	108238	136352
8484	41331	88950	111909	136994
10232	42408	89264	112935	137222
11516	43517	91086	117873	150388
11536	45539	91218	125794	151661
12214	47476	91616	126129	154223
12720	55514	97385	126796	155032
13707	56736	99317	130168	155496
19101	60520	101814	130430	155773

94. - 188 vinningur:
Samsung Galaxy S10 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 129.900

236	33245	68475	97054	125847
386	35029	72387	97989	126052
6877	36949	72709	105074	126417
7826	40410	73259	105741	130461
9916	40446	74167	106799	133315
13862	40744	75287	109376	133627
14406	41488	79765	110513	135105
15985	42098	80764	111366	136275
16171	42328	81958	111547	136434
16674	43429	84273	113336	138644
19698	44769	84599	113899	145584
19995	45978	85520	114326	146557
20298	47051	87574	118510	146777
26189	50345	87940	118580	147492
27465	50627	89554	118902	147911
28577	52893	92247	119973	151805
29260	56693	93805	120048	152210
29666	57616	94261	123304	153300
30891	67640	96500	125213	154838

189. - 273. vinningur:
Samsung Galaxy TAB S6 WIFI spjaldtölva. Hver að verðmæti kr. 119.900

2885	24210	68870	101086	131811
3985	27402	69412	102098	132464
6344	29037	70069	103008	133400
7290	35042	73894	104710	135106
7762	36764	77352	106845	135952
11521	37486	77922	107751	140590
12633	39160	78354	114910	143444
13594	40310	78439	114929	144623
16897	45358	78797	118918	146631
18593	46796	83967	121108	147965
18602	50421	84151	123985	148761
18783	53476	87312	126044	149380
21374	53873	93461	126074	150338
21621	55638	95939	128351	151453
22428	61605	96520	129076	152333
22669	63195	98142	130956	153405
23551	64105	99912	131288	155075

274. - 358. vinningur:
Gjafakort frá Smáralind. Hvert að verðmæti kr. 100.000

1324	31760	58962	84905	123652
1965	31950	58996	87577	123735
2590	32179	60532	87592	128186
3819	33491	62723	93646	128815
6546	41157	62882	94162	128879
9333	41257	64380	98993	129636
9934	43557	68190	99790	130696
10108	45574	68383	99856	134444
13062	45777	73203	104410	136916
13145	46791	73250	106898	140212
15269	47627	76532	113458	140675
24727	48541	77320	116018	147844
24878	48942	77579	116922	153632
26626	53211	80045	119268	153733
28247	53494	81230	119619	153933
28321	54175	82058	120409	154016
30366	55715	84136	121445	156151

Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar



María er sjálflærð í faginu en stundar núna nám í grafískri hönnun í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ferðalag milli veruleikans og sýndarheima



María Guðjohnsen opnar sína þriðju einkasýningu á sunnudag. Hún er þrívíddarhönnuður og hefur vakið athygli fyrir hæfileika sína. Skoðar millistigið milli raunveruleika og sýndarveruleika í verkum sínum.

Þrívíddarhönnuðurinn María Guðjohnsen heldur sína þriðju einkasýningu en opnun hennar er nú á sunnudaginn í Galleríi Grásteini við Skólavörðustíg. María er sjálflærð og hefur vakið athygli fyrir hæfileika sína á sviðinu. Það eru þó einungis tæplega tvö ár síðan áhugi Maríu á þrívíddarhönnun kviknaði og hún byrjaði að afla sér kunnáttu á sviðinu.

Vann með Adidas

„Ég kenndi mér eiginlega bara sjálf. Ég bý núna úti í Berlín og er að læra grafíska hönnun þar. Það er eitt og hálft ár, um það bil, síðan ég byrjaði í þrívíddinni," segir María.

Hún hefur verið að gera nokkur stór og skemmtileg verkefni fyrir fyrirtæki á borð við Adidas og Jägermeister.

„Adidas hafði samband við mig í gegnum Instagram. Ég set rosa mikið af því sem ég er að gera á Instagram. Þegar Adidas hafði samband þá hélt ég að það væri einhver að rugla í mér. Það var ótrúlega skemmtilegt verkefni. Þau voru með herferð þar sem þau voru að kynna skó. Þau fengu svo listafólk í Berlín til að setja upp sýningu, sem ég tók þátt í. Ég var eini þrívíddarhönnuðurinn," segir María.



Heimþráin innblástur

María segir að heimþrá sé innblásturinn í sýningunni sem verður opnuð um helgina en svo vinni hún alltaf mikið með millistig raunveruleikans og sýndarveruleikans. Sú pæling hefur verið rauði þráðurinn í verkum hennar til þessa.

„Mér finnst gaman að finna leiðir til að blanda þessu saman. Úti hef ég verið að vinna með aðeins öðruvísi pælingar. Á einni hópsýningu gerðum við karaktera fyrir alla sem tóku þátt og bjuggum til rými milli raunveruleikans og sýndarveruleikans. Þetta vorum við en samt ekki við. Ég hef unnið mikið með þetta þema, en núna er ég búin að vera úti og komin með smá heimþrá. Eftir að ég kom núna aðeins heim langaði mig að vinna með íslenska náttúru og element," segir María.

Hugsar í þrívídd

María segist núna reyna að blanda þrívíddinni inn í nánast allt sem hún gerir.

„Ég er orðin leið á öllu sem er í tvívídd," segir María og hlær. „Það er hræðilegt því ég er að læra grafíska hönnun. En maður byrjar að hugsa allt öðruvísi eftir að maður byrjar að vinna við þrívídd. Maður fer að sjá hluti og hugsa á annan hátt. Ég hugsa alltaf í kringum hluti sem ég er að vinna með, maður þarf að pæla í öllum sjónarhornunum. Þetta breytir algjörlega hvernig maður hugsar."

Hún tilheyrir nú hópi af öðrum þrívíddarhönnuðum sem deila áhugamálinu.

„Ég kynnist alltaf fleirum og fleirum sem eru í þessu. Það er ótrúlega sterkt samfélag í kringum þetta. Það er sérstaklega áberandi úti hvað það er mikil menning í kringum þrívíddarhönnun. Hérna á Íslandi er þetta mun minna, það eru ekki margir í þessu sem listgrein," segir María.

Sýning Maríu heitir því viðeigandi nafni Millistig og opnun verður klukkan 16.00 á efri hæð Gallerís Grásteins við Skólavörðustíg 4. **steingerdur@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

ST. DALFOUR



Með mildum ostum mælum við með sultum úr súrari berjum, eða ávöxtum t.d. villtum bláberjum eða apríkósumarmelaði.



Með mildum harðari ostum mælum við með sultum úr súrari eða villtum berjum, t.d. villtum bláberjum eða bláberjum & trönuberjum.



Með millisterkum ostum passar mjög vel að vera með sultu úr blönduðum ávöxtum sem gefur skemmtilegt eftirbragð og tónar vel með ostinum.



Sultur úr berjum sem gefa góða sætu og ferskleika leika við bragðlaukana með bragðmeiri ostum, t.d. hindberjasulta eða hindberja & granateplasulta.



Með grænmygluostum mega sulturnar gjarnan vera úr sætum berjum. Við mælum með hindberja- eða jarðarberjasultu til þess að ostarnir njóti sín sem best.

Sérfræðingar St. Dalfour gefa ráð um val á ostum og sultum á ostabakkann

Íslendingar elska góða sultu á ostana sína og ostabakkar eiga sinn fasta sess á hátíðarborðum þjóðarinnar. Frönsku gæðasulturnar og marmelaðið frá St. Dalfour henta einstaklega vel með ostum af öllu tagi enda úrvalið gott. Saga merkisins spannar um hundrað ár þannig að reynslan er umtalsverð enda Frakkar annálaðir sælkerar, ekki síst þegar kemur að ostum.

Innihaldið skiptir máli
Allt hráefni í vörurnar frá St. Dalfour er valið af kostgæfni til að tryggja gæði og ferskleika. Enginn viðbættur sykur er notaður í sulturnar okkar en í þeim er að sjálfsögðu náttúrulegur ávaxtasykur sem gefur alveg mátulegt magn af sætu og gerir það að verkum að bragðið af ávöxtunum nýtur sín en hverfur ekki í sykurlög.

Val á sultu með ostum
Það getur verið dálítil kúnst að velja saman sultur og osta svo vel fari en um það gildir reyndar að allt er leyfilegt því smekkur fólks er misjafn. Engu að síður eru til þumalfingursreglur um þetta eins og annað og á því sviði standa sultusérfræðingar St. Dalfour undir nafni. Þeir benda okkur á að hafa eftirfarandi meginreglu í huga: Þegar para á saman sultu og ost þannig að bragðgæði beggja njóti sín sem best er gott að hafa annars vegar í huga hversu bragðsterkur osturinn er og hversu sæt sultan er hins vegar. Það er vegna þess að almennt gildir að andstæður laða fram það besta hvor í annarri, ekki síst þegar sultur og ostar eiga í hlut – eins og reyndar í svo mörgu öðru en það er önnur saga.

Sætari sultur með bragðsterkum ostum
Því bragðsterkari sem osturinn er því betur á við að hafa með honum sætari og ferskari ber, til dæmis jarðarber eða hindber. Með mildari osti henta minna sæt ber og þá er gott að velja sultur gerðar úr súrari berjum, jafnvel villtum. Með mjúkum sætari ostum eins og Brie og Óðalsostum hentar að nota sultur úr súrari berjum eða jafnvel apríkósu- eða appelsínumarmelaði. Marmelaðið kemur nefnilega oft skemmtilega á óvart bæði fyrir bragð og áferð auk þess sem það ljær bakkanum „sólríkara“, ferskara og fjölskrúðugra yfirbragð. Á myndinni hér að ofan má sjá nokkur dæmi um osta og sultur sem eiga vel saman.



Ostabakkinn - nokkur góð ráð

- Veljið a.m.k. 4-5 mismunandi gerðir af ostum af mismunandi styrkleika.
- Ostur er bestur við herbergishita. Takið ostana því út úr ískápnum að lágmarki tveimur tímum áður en til stendur að bera þá fram.
- Raðið ostunum réttsælis á bakkann frá þeim mildasta til þess sterkasta.
- Skiptið bakkanum í hluta og raðið viðeigandi meðlæti hjá hverjum osti svo það sé skýrt hvað er ætlað saman.
- Gott er að setja litlar skálar með viðeigandi sultu hjá þeim osti/ostum sem þær passa við.
- Notið ber eða skraut til að skipta bakkanum upp í hluta.



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR



Árna Helgasonar

Þrýstidæla

Í kuldakasti síðustu daga hef ég verið að reyna að auka hitann á ofnum heimilisins. Hluti af því ferli var símtal við fagmann.

Upptekinn pípulagningamaður á hraðferð: „Ertu búinn að skoða þrýstijafnarann?“

Ég: „Eh ... hmmm.“

Pípulagningamaður: „Þú veist hvernig hann lítur út, er það ekki?“

Ég: „Auðvitað.“ Hvers konar svar var þetta eiginlega? Hvaðan kemur þessi krafa um að maður eigi bara að vita svona hluti? Einlægara svar hefði verið: „Nei, ég hef ekki hugmynd. Ef út í það er farið, veit ég eiginlega ekkert um viðhald á fasteignum, bílum eða tækjum yfirhöfuð. Ég fullyrði að yfirgnæfandi meirihluti minnar kynslóðar er svona líka. Jú, jú, maður lærir eitthvað smávegis á leiðinni, til dæmis mun ég eftir okkar samskipti loksins vita hvernig þrýstijafnari virkar. En fljótlega mun einhver önnur framandi græja gefa sig, einhver „loki“ eða „dæla“ sem ég hef ekki hugmynd um hvernig lítur út, hvernig á að gera við eða hvaða verkfæri eigi að nota.“


Píparinn: „... jæja vinur, ég þarf að ...“

„Bíddu, þessu ímyndaða samtali er ekki lokið. Hvernig heldurðu að samningsstaða mín sé almennt í svona aðstæðum? Spindilkúla í bíl – kostar 50 eða 500 þúsund að fá nýja? Ég hef ekki hugmynd. Og hvernig stendur á því að ef mig langar til að læra að elda kóreskan mat, dansa reggí eða spila á trompet get ég valið úr mörg hundruð þúsund vefsíðum með leiðbeiningum, spjallþráðum og kennslumyndböndum en þegar ég ætla að gúggla hvernig þessar dularfullu heimilisgræjur með fáránlega lítið lýsandi nöfnum virka, þá fæ ég í mesta lagi sjö leitarniðurstöður á öllu Internetinu?“

Skrifað á Seltjarnarnesi, í ullarsokkum, við hliðina á hálfvolgum ofni.

FRÍTT KAFFI Í DESEMBER

Kvikk ON THE GO | ORKAN



Lín DESIGN

SMÁRATORGI KRINGLAN GLERÁRTORGI LINDESIGN.IS

BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

VERÖLD HVÍLDAR



DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



QOD AFMÆLIS-DÚNSÆNG
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% dúnn, 10% smáfiður. 140x200 cm
100% bómullaráklæði.

25.000 kr. AFMÆLISVERÐ



QOD AFMÆLIS-DÚNKODDI
Þéttur og góður dúnkoddi. 80% hvítur andadúnn og 20% smáfiður. 50x75 cm. 920 gr. og 100% bómullaráklæði.

8.900 kr. AFMÆLISVERÐ



SATIN STRIPE DÚNKODDI
Þriggja laga dúnkoddi. Efra og neðra dúnlag með þéttum, hvítum andadún og smáfiðurkjarna. Bómullarsatínáklæði.

9.900 kr. AFMÆLISVERÐ



PURE & CARE OFNÆMISFRÍ DÚNSÆNG
Létt en sérlega hlý dúnsæng.
Stærð: 140 x 200 cm. Fylling: Hvítur moskusdúnn. Áklæði: Lífræn bómull
Þyngd: 750 g.

Lína af sængum og dúnkoddum sem framleidd er undir nýjustu og ströngustu skilyrðum Astma- og ofnæmissamtaka Danmerkur.

Astma-Allergi Forbundet

Fullt verð: 39.900 kr.

29.925 kr. JÓLAVERÐ





BAÐSLOPPAR Verð frá: 16.900 kr.

Verð á sloppum á myndum: 29.900 kr.



HUGO BOSS RÚMFÖT
50% bómull og 50% einstaklega mjúkar náttúrulegar trefjar. Litir: Blátt, ljós- og dökkgrátt.

JÓLAVERÐ

Sængurver	Koddaver
17.175 kr.	6.675 kr.
Fullt verð: 22.900 kr.	Fullt verð: 8.900 kr.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK